

An aerial photograph of a coastal town in Iceland. The town is situated on a flat, green landscape with scattered buildings, including houses and larger industrial or commercial structures. In the background, there are large, brown mountains with patches of snow. The sky is a clear, deep blue. The text "AÐALSKIPULAG SKAGASTRANDAR 2019-2031" is overlaid in white serif font on the upper left portion of the image.

AÐALSKIPULAG SKAGASTRANDAR 2019-2031

Greinargerð tillaga febrúar 2021



Sveitarfélagið Skagaströnd

Aðalskipulag 2019-2031

GREINARGERÐ



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Aðalskipulag 2019-2031



LANDMÓTUN®

Óskar Örn Gunnarsson

Margrét Ólafsdóttir

Kristín Una Sigurðardóttir

Drífa Gústafsdóttir

Forsíðumynd: fengin úr ljósmyndasafni Skagastrandar

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	5
1.1	UM AÐALSKIPULAG	5
1.2	LEIÐARLJÓŠ OG MEGINMARKMIÐ.....	5
1.3	MEGINMARKMIÐ	5
1.4	SAMRÁÐ.....	6
1.4.1	Lýsing	6
1.4.2	Samráð við íbúa og hagsmunaaðila	6
1.4.3	Kynningarfundir.....	6
1.4.3.1	Afgreiðsla eftir auglýsingu	7
2	FORSENDUR	7
2.1	SKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	7
2.2	ÍBÚAÞRÓUN	7
2.3	ATVINNA.....	8
2.4	FERÐAÞJÓNUSTA.....	9
2.5	SAMGÖNGUR	9
2.6	VEÐURFAR.....	9
2.7	FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR	10
2.8	LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026	10
2.9	SKIPULAG HAF- OG STRANDSVÆÐA	11
2.10	SAMGÖNGUÁÆTLUN 2019-2033.....	11
2.11	HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	11
2.12	AÐRAR STEFNUR Á LANDS- OG ALÞJÓÐAVÍSU.....	13
3	UMHVERFISSKÝRSLA.....	13
3.1	HELSTU ÁHRIFABÆTTIR.....	13
3.2	UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHERSLUR	15
3.3	UMHVERFISVIÐMIÐ	16
3.4	VALKOSTIR OG MAT Á ÁHRIFUM	20
3.5	VÆGI UMHVERFISÁHRIFA.....	20
3.6	UMHVERFISMAT.....	21
4	KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR.....	33
5	LANDNOTKUN	33

5.1	ATVINNA.....	33
5.1.1	Miðsvæði (M).....	33
5.1.2	Verslun og þjónusta (VÞ)	34
5.1.1	Afþreyingar og ferðamannasvæði (AF)	35
5.1.2	Athafnasvæði (AT).....	36
5.1.3	Iðnaðarsvæði.....	37
5.1.4	Efnistöku- og efnislosunarsvæði.....	38
5.1.5	Skógræktar- og landgræðslusvæði.....	40
5.2	BYGGÐ, ÚTIVIST OG SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA	42
5.2.1	Íbúðarbyggð (ÍB)	42
5.2.2	Fristundabyggð (F).....	44
5.2.3	Samfélagsþjónusta (S).....	45
5.2.4	Íþróttasvæði (ÍÞ).....	47
5.2.5	Kirkjugarðar og grafreitir (K).....	48
5.2.6	Opin svæði (OP)	48
5.3	NÁTTÚRA.....	50
5.3.1	Óbyggð svæði.....	50
5.3.2	Vötn, ár og sjór (V)	50
5.3.3	Strandsvæði (ST)	50
5.4	VATNSVERND (VG,VF)	51
5.5	VATNSVERND Á STRANDSVÆÐUM VIÐ ÁR, VÖTN OG SJÓ (VS)	52
5.6	NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI	53
5.6.1	Minjavernd (MV).....	55
5.6.2	Hverfisverndarsvæði (HV)	56
5.6.3	Svæði undir náttúruvá (NV)	57
5.7	GRUNNKERFI.....	58
5.8	SAMGÖNGUR, VEGIR OG STÍGAR	59
5.8.1	Vegir	60
5.8.2	Almenningsamgöngur	61
5.8.3	Gönguleiðir	61
5.8.4	Hafnir.....	63
5.8.5	Hafnir (H).....	63
5.8.1	Sérstök not haf- og vatnssvæða.....	63
5.9	VEITUR.....	64
5.9.1	Rafveita.....	64
5.9.2	Hitaveita	64
5.9.3	Vatnsveita	64
5.9.4	Fráveita.....	64
5.9.5	Fjarskipti.....	65



6	KYNNING, AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA	65
7	HEIMILDIR	66
7.1	RITAÐAR HEIMILDIR:	66
7.2	VEFSÍÐUR:	66
8	VIÐAUKI 1	68
8.1	FORNMINJAR	68
9	VIÐAUKI 2	71
9.1	ÞEMAUPPDRAETTIR	71

Mynd 1.	Íbúðapróun á Skagatrönd 2010-2020.	7
Mynd 2.	Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang 2010-2020.	8
Mynd 3.	Aldursdreifing á Skagatrönd árið 2019.	8
Mynd 4.	Hlutfall fólks á vinnualdri af heildar íbúafjölda.	9
Mynd 5.	Ríkjandi vindáttir á skipulagssvæðinu skv. Vindatlas Veðurstofu Íslands.	10
Mynd 6.	Yfirlit yfir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.	12
Mynd 7.	Bjarmanes.	34
Mynd 8.	Salthúsið á Skagatrönd. (Mynd fengin af fésbókarsíðu gistiheimilisins)	35
Mynd 9.	Frá tjaldsvæðinu á Skagatrönd.	36
Mynd 10.	Skrifstofuhúsnæði og fræðasetur.	37
Mynd 11.	Spákonufell. (Ljósmynd. Landmótun sf)	41
Mynd 12.	Íbúðapróun á Skagatrönd frá 2009 og íbúaspá.	43
Mynd 13.	Félagsheimilið Fellsborg.	47
Mynd 14.	Fjöruvistgerðir innan sveitarfélagsins skv. vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.	51
Mynd 15.	Sérstök vernd á Skagatrönd.	54
Mynd 16.	Skráðar minjar á Skagatrönd.	55

Mynd 17.	Einbúi.	56
Mynd 18.	Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma. Heimild: Veðurstofa Íslands (í: Skipulagsmál á Íslandi 2014. Lykilmælikvarðar og fyrirbyggjandi áætlanir).	57
Mynd 19.	Gönguhæfi byggðar.	59
Mynd 20.	Hugmynd að breytttri aðkomu að Skagatrönd.	60
Mynd 21.	Úr gönguleiðabæklingi fyrir Spákonufellshöfða.	61
Mynd 22.	Kort úr gönguleiðabæklingi fyrir Spákonufell.	62

Tafla 1.	Áhrifabættir umhverfismats.	14
Tafla 2.	Matsspurningar í umhverfisskýrslu.	15
Tafla 3.	Umhverfisviðmið í umhverfisskýrslu.	16



1 INNGANGUR

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkti í júní 2018 að fara í heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins 2010-2022. Það skipulag var unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 73/1997 sem féllu úr gildi með gildistöku nýrra skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig hefur tekið gildi ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013 sem kallar á uppfærslu á framsetningu aðalskipulagsins. Þá hefur Alþingi staðfest landskipulagsstefnu sem taka ber mið af við gerð skipulagsáætlana. Hafnar- og skipulagsnefnd sá um vinnu við gerð skipulagsins með ráðgjöf frá Landmótun sf. Öllum sveitarfélögum er skylt að vinna aðalskipulag fyrir allt land innan marka sveitarfélagsins og tekur aðalskipulag sveitarfélagsins Skagastrandar 2019-2031 til alls lands, vatns og hafs innan sveitarfélagsins sem er um 52,5 km². Samkvæmt skipulagslögum skal hafa sjálfbæra þróun¹ að leiðarljósi við mótun aðalskipulags. Við endurskoðun aðalskipulagsins var stuðst við ýmsar heimildir en það er unnið á grunni gildandi aðalskipulags Skagastrandar 2010-2022.

Í greinargerðinni er lýsing á tillöguupprætti og stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn lit og tákn á upprætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerðinni.

Greinargerðin skiptist í níu kafla; kafli 1; Inngangur, kafli 2; forsendur, kafli 3; umhverfisskýrsla, kafli 4; kortagrunnar og upprættir, kafli 5; landnotkun, kafli 6; Kynning, auglýsing og afgreiðsla, kafli 7; heimildir, kafli 8; Viðauki 1, kafli 9; viðauki 2.

1.1 UM AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sveitarfélags þar sem sett er fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðarþróun, byggðarmynstur, samgöngu- og þjónustukerfi, atvinnu- og umhverfismál. Stefna aðalskipulags byggir á markmiðum skipulagslaga og stefnu landskipulags og svæðisskipulags eftir því sem við á. Í aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. 12 ára en jafnframt skal litið til lengri tíma. Þar er einnig gerð grein fyrir takmörkunum á landnotkun, svo sem vegna náttúruvár og verndarákvæða. Aðalskipulag er enn fremur vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar um veigamikil viðfangsefni sem snerta þróun þess og miðar að því að gera samfélagið enn betra fyrir íbúa þess og umhverfi. Stefnan skal unnin í samráði við íbúa og sett fram á aðgengilega hátt. Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem hagsmunir heildarinnar eru hafðir að leiðarljósi og málum miðlað

milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu í framtíðinni búa í sveitarfélaginu og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.

Fyrsta skref aðalskipulagsgerðar er að skilgreina viðfangsefni og áherslur (stöðumat og meginforsendur), m.a. með samráði við íbúa og hagsmunaaðila innan og utan sveitarfélagsins. Greina þarf stöðuna í ólíkum málaflokkum og meta þörf fyrir breytingar. Þá eru sett fram markmið (meginmarkmið og stefnumið í einstökum málaflokkum) í greinargerð og á upprætti. Gert er ráð fyrir framfylgd stefnunnar í öllum skipulagsáætlunum og framkvæmdum í sveitarfélaginu.

Aðalskipulag er bindandi skipulagsáætlun og grundvöllur deiliskipulags og þannig munu markmið aðalskipulagsins endurspeglast í annarri skipulagsgerð og framkvæmdum í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu.

LEIÐARLJÓS

Aðalskipulagáætlun þessari er ætlað að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu og snúa við neikvæðri íbúaþróun, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Það er gert með því að búa enn frekar í haginn fyrir fjölbreytt og gott mannlíf og atvinnulíf og efla og rækta þá kosti sem fylgja búsetu í litlu samfélagi.

1.2 LEIÐARLJÓS OG MEGINMARKMIÐ

1.3 MEGINMARKMIÐ

- Að laða að nýja íbúa og búa í haginn fyrir þá sem fyrir eru,
- að styrkja heildarmynd Skagastrandar sem bæjar og efla miðsvæði bæjarins og staðaranda,

¹ Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta sínum þörfum. Slík þróun snýst um að auka efnahagsleg verðmæti um leið og gæðum náttúrunnar er viðhaldið og mannréttindi efla fyrir alla jarðarbúa til langs tíma. Í stað orðsins sjálfbær má oft nota orðin haldbær eða burðugur.



- að styrkja tilfinningu fyrir sögu staðarins með varðveislu gamalla húsa og götumynda,
- að þróa ákveðin svæði í byggðinni og nágrenni með það að markmiði að auka aðdráttarafl staðarins fyrir ferðamenn, t.d. með þjónustu, skógrækt og skjólmyndun,
- að tryggja framboð á lóðum fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði,
- að búa í hagin fyrir fjölbreytt atvinnulíf og efla nýsköpun,
- að skilgreina mörk þéttbýlis og náttúrlegs umhverfis og efla tengslin þar á milli,
- að standa vörð um neysluvatn bæjarins sem framtíðarauðlind,
- að draga fram, skilgreina og efla þau umhverfisstærðir enn frekar sem fylgja því að búa í litlu samfélagi,
- að bæta umferðaröryggi og innviði fyrir alla vegfarendur.

1.4 SAMRÁÐ

Til að tryggja sátt um nýtt aðalskipulag var eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- Tryggja að almenningur og hagsmunaaðilar komi að skipulagsferlinu frá fyrstu stigum.
- Stuðla að gagnsæi í öllu ferlinu og bæta upplýsingaöflun og -streymi til almennings.
- Gera skipulagsvinnuna eins markvissa og kostur er.
- Tryggja sveitarstjórn og þeim sem koma að skipulagsgerðinni góða yfirsýn.

1.4.1 Lýsing

Aðalskipulagslýsing var auglýst frá 7. maí 2019 til 7. júní og lýsingin einnig send til umsagnaraðila sjá kafla 1.4.2.

1.4.2 Samráð við íbúa og hagsmunaaðila

Á lýsingarstigi var haft samráð við fjölmarga aðila sem á einn eða annan hátt tengjast þeim þáttum sem aðalskipulagið tekur til. Hér á eftir er gerð grein fyrir samráði sem skilyrt er skv. 3.2 gr. skipulagsreglugerðar.

Lýsingin var send til eftirfarandi umsagnaraðila:

- Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

- Minjavarðar Norðurlands vestra
- Skagabyggð
- Sveitarfélagsins Skagafjarðar
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis
- Fiskistofu
- Vegagerðarinnar
- Samgöngustofa-siglingasvið
- Rarik
- Skógræktar ríkisins
- Umhverfisstofnunar
- Ferðamálastofu
- Náttúrufraeðistofnunar Íslands
- Skipulagsstofnunar

1.4.3 Kynningarfundir

Fyrsti íbúafundur í tengslum við aðalskipulagsgerðina var haldinn 15. nóvember 2018. Þar var verkefnislýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Skagastrandar kynnt og farið yfir helstu áherslumál sveitarstjórnar og farið yfir næstu skref. Viðhorf íbúa til skipulagsgerðarinnar voru rædd og kallað eftir hugmyndum þeirra til stefnumótunar út frá eftirfarandi þáttum;

- Íbúa- og atvinnumál,
- umhverfi og byggð (dreifbýli og þéttbýli),
- samgöngur og tæknimál,
- félags- og fræðslumál.

Afrakstur fundarins var nýttur til samþættrar stefnumörkunar fyrir aðalskipulagið.



1.4.3.1 Afgreiðsla eftir auglýsingu

(sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2000)

2 FORSENDUR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Skagastrandar sem staðsett er á vestanverðum Skaga við austanverðan Húnaflóa. Skagatrönd er ekki landmikið sveitarfélag en heildar landstærð er rétt um 50 km². Sveitarfélagsmörk liggja í

norðri liggja frá ströndinni skammt norðan Finnsstaðaness, að austan fram Brandaskarð að Hrafná og norður með henni. Til suðurs afmarkast sveitarfélagið af Hrafná.

Fjarlægð frá norðri til suðurs út við ströndina eru um 5 km og um 3 km eru að hinu tignarlega fjalli kaupstaðarins, Spákonufelli sem afmarkar undirlendi sveitarfélagsins til austurs. Fram Hrafnal í norðaustri liggur leiðin í upplönd sveitarfélagsins, en þau liggja bak Spákonufells og Skagastrandarfjalla.

Suður af bænum og austur með Hrafnánni er landbúnaðarland upp undir hlíðarfót Spákonufellsborgar þar sem Hólanes er nær sjónum og Litlafell austur, nær mynni Hrafnalds. Fyrrum býlin Höfðahólar, Ás, Réttarholt, Ásholt og Sólvangur eru svo norður af kaupstaðnum á landinu nær sjónum. Austur af framan töldum býlum og kaupstaðnum er allmikið mýrlendi er nær austur undir þjóðveginn norður á Skaga.


Upplönd Skagastrandar ná inn Hrafnal norðanverðan, norður með Spákonufelli og Skagastrandarfjöllum (Fjallabaksá) inn undir Hraunvatn. Austurmörk sveitarfélagsins ná svo talsvert austur á heiðar, austan Tungufells og Refshala, fylgja þar sýslumörkum og sem jafnframt eru mörk hins stóra sameinaða sveitarfélags Skagafjarðar.

Skagatrönd er hluti af Norðurlandi vestra og aðili að ýmsum samböndum, nefndum og ráðum, svo sem Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem eru hagsmuna-, þjónustu-, og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.


2.2 ÍBÚAÞRÓUN

Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúáþróun í sveitarfélaginu Skagatrönd sýna að íbúum hefur fækkað síðastliðin 20 ár um 23%, úr 628 árið 1998 í 475 árið 2020. Íbúasamsetning hefur á sama tíma tekið breytingum. Landsvæði sveitarfélagsins er ekki stórt og mikill meirihluti íbúa

býr í þéttbýlinu á Skagatrönd, eða 98-99% á árunum 2011-2018. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang hefur hækkað úr 1-2 % á árunum 1998-2013 í 7,4 árið 2020.




Mynd 1. Íbúáþróun á Skagatrönd 2010-2020.



Mynd 2. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang 2010-2020.

Skipting kynja (sjá mynd 3) er mismunandi eftir aldurshópum en ívið fleiri karlar eru búsettir í sveitarfélaginu. Börnum og ungu fólki hefur fækkað nokkuð undanfarin 20 ár, en fjölgað hefur í eldri aldurshópum.



Mynd 3. Aldursdreifing á Skagaströnd árið 2019.

2.3 ATVINNA

Vinnusóknarsvæði Skagastrandar nær yfir Húnaþing allt og Skagafjörð. Skagaströnd hefur alla tíð byggt afkomu sína á sjávarútvegi en í dag eru flest störf í sveitarfélaginu í þjónustu. Miklar breytingar hafa orðið á atvinnulífi bæjarins á undanförmum árum, með breytingum í veiðum og vinnslu sjávarafurða, tæknibreytingum og samþjöppun í eignarhaldi útgerða. Frystihús og rækjuvinnsla voru lögð niður á Skagaströnd og er því engin vinnsla á sjávarafurðum þar lengur en þar er þó enn öflugur fiskmarkaður. Önnur atvinnutækifæri hafa skotið upp kollinum í staðinn og nú er meiri áhersla á rannsóknarstörf og skapandi greinar t.a.m. vottað tilraunaeldhús. Í sveitarfélaginu er einnig ýmskonar iðnaðarþjónusta s.s. vélaverkstæði, rafvirkjar, húsasmiðir og dráttarbraut. Vinnuálastofnun starfrækir greiðslustofu atvinnuleysisstrygginga á Skagaströnd og Sjávarlíftækni- og BioPol ehf. stundar rannsóknir á lífríki Húnaflóa og leitar að auknum nýtingarmöguleikum auðlinda sjávar. Þar fer einnig fram umhverfisvöktun með sérstaka áherslu á að fylgjast með breytingum á lífríkinu, áhrifavöldum og afleiðingum. Þá rekur Háskóli Íslands rannsóknarsetur Norðurlands vestra á Skagaströnd sem sérhæfir sig í rannsóknum á sviði




hugvísinda, og þá tekur Nes listamiðstöð á móti listamönnum. Einhæfni í atvinnulífinu er ógn við stöðugleika og atvinnuöryggi, t.d. ef veiðiheimildir hyrfu úr sveitarfélaginu.

Á Skagatrönd er matvöruverslun, heilsugæsla, þjónustuíbúðir fyrir aldraða, félagsheimili, og íþróttamiðstöð. Vinnumálastofnun starfrækir greiðslustofu atvinnuleysistrygginga á Skagatrönd og er það stór vinnustaður. Kaffihús er rekið árið um kring í fallegu húsi við sjóinn og er það vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Nes listamiðstöð er starfrækt í gömlu frystihúsi og þar dvelja árlega á annað hundrað listamenn. Þeir dvelja í mánuði í senn og sinna list sinni og setja mark sitt á bæjarlífið. Gott tjaldsvæði er á Skagatrönd með góðu plássi fyrir húsbýla, hjólhýsi og tjaldvagna. Sundlaugin er lítil en notaleg og um fjóra kílómetra frá Skagatrönd er níu holu golfvöllur Golfklúbbs Skagatröndar og þykir hann bæði fallegur og krefjandi.

Þegar litið er til einstaklinga á vinnualdri (18-67) hefur konum í sveitarfélaginu hlutfallslega fjölgað en körlum fækkað síðustu 20 ár, sjá mynd 3 og 4. Börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri fækkar á sama tíma og ellilífeyrisþegum (eldri en 67) fjölga.

Fjöldi barna á grunnskólaaldri hefur dregist saman um 36% á síðastliðnum tuttugu árum. Þegar fjöldi íbúa á Skagatrönd á vinnualdri er borinn saman við landið í heild (mynd 3) sést að fleiri eru í yngri og eldri aldurshópum á Skagatrönd en að meðaltali á landinu öllu. Er þetta merki um að fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir ungt fólk vanti og að auka þurfi fjölbreytni í störfum í sveitarfélaginu til að laða að fólk á vinnualdri og jafna hlutfall kynjanna.



Mynd 4. Hlutfall fólks á vinnualdri af heildar íbúafjölda.

Í leikskólanum Barnabóli voru 27 börn í vistun haustið 2020. Leikskólinn býður upp á þjónustu fyrir börn á aldrinum 1 árs til 5 ára.

Tónlistarskóli Austur-Húnavatnssýslu, er byggðasamlag allra sveitarfélaga í sýslunni. Tónlistarskólinn er með eina af þremur starfsstöðvum á Skagatrönd og er boðið upp á nám á starfstíma grunnskólans. Einnig eru á Skagatrönd rekin námsstofa sem er miðstöð framhalds- og endurmenntunar á Skagatrönd og er öllum opin, sem stunda fjarnám eða hyggja á slíkt nám.

Höfðaskóli er heildstæður grunnskóli 1.-10. bekkjar og hefur verið starfræktur á Skagatrönd síðan 1939. Haustið 2020 voru 76 nemendur við grunnskólann á Skagatrönd. Dvalarheimili aldraðra Sæborg er rekin sem hluti af byggðasamlaginu Félags- og skólaþjónusta A-Hún bs. Slökkvilið Skagatröndar annast svæðið norðan Laxár á Refasveit.

2.4 FERÐAÞJÓNUSTA

Í uppbyggingu ferðaþjónustu eru mikilvæg tækifæri fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni til verðmætasköpunar í stað hefðbundinna undirstöðuatvinnugreina, svo sem sjávarútvegs. Fjöldi ferðamanna í sveitarfélaginu Skagatrönd hefur ekki haldist í hendur við fjölgun ferðamanna á Íslandi á síðastliðnum árum, s.s. Salthúsið, Spákonuhof og Árnes. Ýmis þjónusta fyrir ferðamenn er í boði sem hefur verið að aukast síðustu ár, en enn eru ónýtt tækifæri í uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu. Gistirými fyrir ferðamenn eru takmörkuð en það er ein megin forsenda þess að efla ferðaþjónustu á svæðinu. Þá er ekki mikið um afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu en ónýtt tækifæri liggja víða, sérstaklega í náttúruupplifun, svo sem fuglaskoðun, gönguferðum, sjóstantangaveiði og bátaferðum.

Tekin hafa verið saman gögn um áhugaverða staði á Íslandi og eru þau gögn aðgengileg á vefsíðu Ferðamálastofu. eru þrír staðir merktir inn á sveitarfélagið Skagatrönd: Spákonufell, Spákonufellshöfði og Hólaneskirkja. Þá eru mikil tækifæri fólgin í tengingu sjávarútvegs og ferðaþjónustu og móttöku skemmtiferðaskipa.

2.5 SAMGÖNGUR

Grunnnet samganga eru stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga, áætlanarflugvællir, helstu flugleiðir og hafnir og ferju- og siglingaleiðir meðfram ströndinni og inn á hafnir. Í samgönguáætlun á uppbygging grunnnetsins, viðhald þess og rekstur að vera forgangsatriði til að samgöngukerfið uppfylli þarfir fyrir alla flutninga á fólki og vöru.


2.6 VEÐURFAR

Skipulagssvæðið er frekar þurr og á úthluta Skaga er úrkoma með því minnsta sem gerist á landinu, þó er töluverð úrkoma á Laxárdal fremri. Þannig er maí og júní úrkoma á Hrauni á Skaga litlu meiri en á Akureyri eða nálægt 30mm á móti 25 á Akureyri. Það er helst á haustin



að úrkoman þar nái svipuðum hæðum og annars staðar. Þá hefur aftur á móti dregið úr á Blönduósi. Sumarhitinn á Hrauni á Skaga er einna lægstur eða um 9° í júní og júlí þegar hann er 11 á Blönduósi og 12 á Akureyri.

Skagaströnd er að töluverðum hluta opin fyrir norðlægum áttum. Ríkjandi vindáttir má telja norðaustan og suðvestanáttir á Hrauni á Skaga er norð-norðaustanátt og vest-suðvestan átt hvað sterkust.



Mynd 5. Ríkjandi vindáttir á skipulagssvæðinu skv. Vindatlas Veðurstofu Íslands.

2.7 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR

Fyrir liggja nokkrar eldri skipulagsáætlanir á Skagaströnd. Aðalskipulag Skagastrandar 2010-2022 tók gildi árið 2011 en á því hafa verið gerðar þrjár breytingar. Fyrst var staðfest

aðalskipulag Skagastrandar árið 1946. Skipulagið frá 1946 var endurskoðað 1958, 1960, 1971 og 1988. Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu gildandi skipulög og áætlanir.

- Aðalskipulag Skagastrandar 2010-2022 með síðari breytingum, staðfest af ráðherra 8. mars 2011. Við gildistöku Aðalskipulags Skagastrandar 2019-2031 mun Aðalskipulag Skagastrandar 2010-2022 falla úr gildi.
- Aðalskipulagsbreyting 2013, vegna lengingar sjóvarnar við Bót.
- Aðalskipulagsbreyting 2013, vegna breytingar á legu stofnpípu hitaveitu.
- Aðalskipulagsbreyting 2013, vegna dælustöðvar við Sólarveg.
- Svæðisskipulag Austur Húnavatnssýslu 2004-2016, staðfest af ráðherra 2005, fellt úr gildi skv. auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda 26. janúar 2011.
- Deiliskipulag Hólanessvæðis frá 2012.
- Ægisgrund, lóðir opinberra bygginga. Deiliskipulag samþykkt 2005.
- Hólaberg, deiliskipulag frístundabyggðar, samþykkt 2004 í sveitarstjórn.

2.8 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016 og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitafélaga. Er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands og auðlinda.

Þeir kaflar landskipulagsstefunnar sem einna helst eiga við um aðalskipulag Skagastrandar eru kaflar þrjú *Búsetumynstur og dreifingu byggðar* og kaflar fjögur *Skipulag á haf- og strandstæðum*. Meðal markmiða stefunnar er að skipulag byggðar og landnotkun stuðli að sjálfbærri skipulagi þéttbýlis og samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. sbr. kafla. 3.4. *Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf*, þar sem segir að skipulagsgerð sveitarfélaga eigi að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Í kafla 2.2 *Umhverfis- og menningargæði* segir að skipulag landnotkunar skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Í kafla 2.4 kemur fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga skuli leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Í landsskipulagsstefnu er einnig fjallað um skipulag á haf- og strandsvæðum, þar sem lögð er



áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda, upplýsingaöflun um vernd og nýtingu og mörkun stefnu um skipulagsmál haf- og strandsvæða í samræmi við nýja löggjöf þar um sem samþykkt var 26. júní 2018.

- Að skipulagsbreytingar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að auka svigrúm fyrir sveigjanleika sem og seiglu í sveitarfélaginu vegna umhverfis- og samfélagsbreytinga.
- Bæta innviði sveitarfélagsins sem stuðla að frekari lífsgæðum íbúa.
- Styrkja samkeppnishæfni sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög á landsvísi með því að auka gæði og fjölbreytileika byggðarinnar.

Gerð er nánari grein fyrir samhengi aðalskipulagsins við landsskipulagsstefnuna í umhverfisskýrslu.

2.9 SKIPULAG HAF- OG STRANDSVÆÐA

Í undirbúningi er haf- og strandsvæðaskipulag þar sem strandsvæðastjórnun og hafskipulag verða stjórnæki til þess að móta heildstæða áætlun um nýtingu og vernd á haf og strandsvæðum til framtíðar. Tilgangur strandsvæðastjórnunar og hafskipulags er að stuðla að vernd og viðhaldi vistkerfa, draga úr árekstrum ólíkrar starfsemi á haf- og strandsvæðum og stuðla að betri og upplýstari ákvarðanatöku og skapa þannig grundvöll fyrir efnahagslega uppbyggingu og félagslega velferð. Í stefnumótun haf- og strandsvæðaskipulags verður haft að leiðarljósi að tryggja betri yfirsýn, draga úr hagsmunaaárekstrum og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og vernd umhverfisins.

2.10 SAMGÖNGUÁÆTLUN 2019-2033

Í drögum að Samgönguáætlun 2019-2030 er grunnnet vegakerfisins skilgreint sem stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga: „Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvalla og hafna sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.“ Til grunnnetsins teljast einnig allir áætlunarflugvellar, helstu flugleiðir og helstu hafnir, ferju- og siglingaleiðir

með fram ströndinni og inn á hafnir. Á sama hátt teljast siglingaleiðir og flugleiðir til og frá landinu til grunnnets samgöngukerfisins.

Á Vegaáætlun tilheyrir Skagastrandarvegur nr. 74 grunnneti vegakerfis.

Næsti flugvöllur sem tilheyrir grunnneti flugvalla er Akureyrarflugvöllur en leið þangað hefur styst mjög með tilkomu Þverárfjallsvegar. Á Sauðárkóki og Blönduósi eru sjúkraflutningaflugvellar.

Skagastrandarhöfn er skilgreind í grunnneti hafna en fjallað er um hana í kafla 5.8.6.

2.11 HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Heimsmarkmiðin eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu

höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stöðar. Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsörðunin tekur mið af stjórnsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða. Sveitarfélagið tekur ákvörðun um hvernig innleiðing markmiðanna í stefnu sveitarfélagsins verður háttáð og metur hvort forgangsraða eigi ákveðnum markmiðum í sveitarfélaginu. Sjá nánar umfjöllun í umhverfisskýrslu og tengls við aðalskipulagið.



Mynd 6. Yfirlit yfir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru gerð með það markmið að leiða til betra lífs, lífsskilyrða og umhverfis árið 2030. Ísland er eitt þeirra aðildarríkja sem hefur samþykkt að vinna að heimsmarkmiðunum og hefur ríkisstjórnin forgangsraðað þeim sérstaklega.

Til þess að innleiða heimsmarkmiðin á formlegan hátt þá hefur sveitarfélagið ákveðið að velja ákveðin markmið sem eiga við aðalskipulagsgerðina. Heimsmarkmiðin eru frekar almenns eðlis og því mörg þeirra sem ekki er auðvelt að finna samsvörun með aðalskipulagi. Í eftirfarandi köflum eru raktir málaflokkar aðalskiulagsins og þau heimsmarkmið sem sveitarfélagið telur að eigi við og vill setja fram sem almenn markmið í aðalskipulaginu.

Málaflokkurinn atvinna og heimsmarkmiðin

4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.

- 4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars

með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

- 8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.
- 11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

Málaflokkurinn byggð, útivist og samfélagsþjónusta og heimsmarkmiðin

- 11.A Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaðþróun á landsvísu og innan svæða.

Málaflokkurinn náttúra og heimsmarkmiðin

- 6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.
- 6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnshól og vötn. • 11.A Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaðþróun á landsvísu og innan svæða.
- 12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- 13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.



Málaflokkurinn grunnkerfi og heimsmarkmiðin

- 3.6 um að fjöldi dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa lækkaður um helming á heimsvísu.
- 11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.
- 9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.
- Undirmarkmið 7.2 um að hlutur endurnýjanlegrar orku í orkusamsetningu heimsins verði aukinn verulega.

2.12 AÐRAR STEFNUR Á LANDS- OG ALÞJÓÐAVÍSU

- Hafið – Stefnumótun íslenskra stjórnvalda, 2004.
- Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.
- Menningarstefna í mannvirkjagerð, 2007.
- Orkustefna fyrir Ísland, 2011.
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030.
- Náttúruminjaskrá 7. Útgáfa.
- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.
- Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.
- Fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2022.
- Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027.

3 UMHVERFISSKÝRSLA

Endurskoðun aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 (UMÁ) sökum þess að áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Umhverfismati er ætlað að sjá til þess að umhverfisáhrif séu skoðuð við mótun tillögu og að haft sé að leiðarljósi frá upphafi að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir þessu mati og verður skýrslan lögð fram með aðalskipulagstillögunni, á formlegum kynningartíma hennar. Samráð skal haft við Skipulagsstofnun við ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Helstu breytingar á stefnu gildandi skipulags verða teknar til umhverfismats. Ný skipulagslög og reglugerð kveða á um ítarlegri stefnumótun en áður var gert. Því kann að vera óljóst hvort um stefnubreytingu er að ræða eða eingöngu breytingu til samræmis við ný lög og reglugerð. Því er gert ráð fyrir að draga fram markmið sem víkja verulega frá gildandi skipulagi og sýna hvernig ólíkir valkostir snerta umhverfisþættina sbr. lög um umhverfismat áætlana. Við gerð umhverfismats verða nýtt ákveðin viðmið og stuðst við stefnu sem bæjarstjórn hefur samþykkt ásamt stefnu og áætlunum á landsvísu sem varða viðfangsefni aðalskipulagsins.

3.1 HELSTU ÁHRIFAPÆTTIR

Þeir þættir í skipulagsvinnunni sem helst eru taldir geta haft í för með sér umhverfisáhrif varða áætlanir um atvinnu, byggð, grunnkerfi samgöngur, fráveitu og skógræktar- og landgræðslusvæði. Í töflu 3 er fjallað nánar um þessa þætti.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á landnotkun:

- Miðsvæði (M)

Gert er ráð fyrir einu svæði sem fellur undir skilgreininguna miðsvæði í stað þriggja. Innan miðsvæðis falla íbúðarsvæði við Hólanesveg og samfélagsþjónusta (S4 og S5) þjónustureitir.

Breytt skilgreining þar sem iðnaðarsvæði (I4) er felld út og fær nýja skilgreiningu verslun og þjónusta (VP2).

- Athafnasvæði (AT)



Breytt afmörkun athafnasvæðis (A7). Svæðið er minnkað um 0,3 ha.

- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Svæðið er stækkað um 60 ha.

- Íbúðarbyggð (ÍB)

Svæði verslunar og þjónustu (V2) er felld út og á því er skilgreint svæði fyrir íbúðarbyggð (ÍB3) við Strandgötu og opið svæði (OP5) er stækkað.

- Hafnarsvæði (H1) og sértök not haf- og vatnasvæði (SN) Hafnarsvæðið er stækkað og strandsvæði er skilgreint við höfnina.

- Verslun og þjónusta (VP)

Áhrifaþættir	Lýsing
Orkumál & fráveitur	Fráveituáætlun – fjöldi hreinsistöðva og fyrirkomulag stofnæða fráveitu. Geta haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínu.
Atvinna	Tækifæri til sóknar í atvinnulífinu. Fjölgun ferðamanna og gisti- og afþreyingarmöguleika.
Byggð	Helstu þættir sem horft er til eru: Þróun þéttbýlisins á Skagastrand og mótun miðbæjar. Möguleg áhrif byggðapróunar í sveitarfélaginu, s.s með tilliti til tengsla við önnur svæði, atvinnu, samgöngu- og þjónustukerfi. Byggð getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínu, landslag og ásynd, náttúruvá og öryggismál.
Samgöngur	Möguleg áhrif samgangna eru vegna skipulags umferðarkerfa, bæði núverandi og nýrra, og áherslna í samgöngumálum. Samgöngur geta haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínu, landslag og ásynd, hljóðvist, loftgæði, náttúruvá, öryggismál og veðurfar (losun gróðurhúsalofttegunda).

Tafla 1. Áhrifaþættir umhverfismats.



3.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHERSLUR

Í umhverfismati áætlunarinnar verða helstu þættir til umfjöllunar samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjór og strandlína, landslag og ásynd, náttúruvá og öryggi. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu nr. 2. Í umhverfismati áætlunarinnar verða sett viðmið fyrir hvern megin umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnuskjala Skagastrandar, markmiða sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiða í öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla verður lögð á að styðja við matið með mælanlegum umhverfisvísnum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og yfirlitstafla. Skoðað verður hvort sú stefna sem sett er fram hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á þessa umhverfisþætti saman borið við núverandi ástand, þ.e. núll kost. Teljist umhverfisáhrif verulega neikvæð verður hægt að bregðast við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um hugsanleg umhverfisáhrif.

Tafla 2. Matsspurningar í umhverfisskýrslu.

Viðfangsefni	Megin spurning í umhverfismati áætlunarinnar: Hvernig samræmist stefnumótunin umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins er varðar viðkomandi umhverfisþátt, öðrum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum?
Samfélag	Allir skipulagsþættirnir sem taldir eru upp í töflu 1 geta haft áhrif á samfélag. Meginspurningar í matinu er hvort áætlunin hafi áhrif á eftirfarandi meginþætti: - Gæði þjónustu við íbúa? - Atvinnumöguleika íbúa? - Íbúafjöldi og/eða íbúasamsetningu? - Gæði byggðar og efnisleg verðmæti? - Aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útivistarsvæðum og náttúru?
Náttúrufar & dýralíf	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: - Viðkvæma náttúru eða dýralíf? - Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika? - Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla? - Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs? - Áhrif á loftgæði?



3.3 UMhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem stefna aðalskipulagsins hefur í för með sér. Umhverfisviðmið geta verið af ýmsum toga s.s. lög og stefnumið stjórnvalda. Höfð verður hliðsjón af viðmiðum og umhverfisverndarmarkmiðum sem sett eru fram í töflu. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja rökstuðning fyrir þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu.

Tafla 3. Umhverfisviðmið í umhverfisskýrslu.

Stefnumörkun	Lýsing
Lög	
Lög um umhverfismat áætlaða. nr. 105/2006	Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða (1.gr.).
Skipulagslög nr. 123/2010	1. kafli, 1. gr. b-liður. Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru- og menningarverðmæta og að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.



Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Markmið laganna er að tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða manna verk eru á. Í 30. gr. laganna segir að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands. Í 31. gr. segir að óheimilt sé að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar.
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Í lögum eru sett fram verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Samkvæmt 69. gr. eiga mannvirki að falla sem best að svipmóti lands. Meðal þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna eru stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóar, fossar svo og hrúður og hrúðurbreiður, sjávarfitjar og leirur og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Samkvæmt 62. gr. skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.
Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015	Markmið skv. 1. gr. er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Samkvæmt lögum SKAL sveitarstjórn meta hvort innan staðarmarka sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislunni svipmóts og menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð.
Jarðalög nr. 81/2004	Markmið skv. 1. gr. er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.



Reglugerðir	Lýsing
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Gr. 1. Þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi. Stuðla skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999	Gr. 1. Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.
Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001	Gr. 2. Markmiðið er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.
Önnur stefnumörkun	Lýsing
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020	Kafli 1, Heilnæmt andrúmsloft. Íbúar búi við heilnæmt andrúmsloft og loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki. Kafli 2, Hreint og heilnæmt ferskvatn. Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni til neyslu og annarra nytja. Mengun í ám og vötnum verði svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi. Kafli 5, Útivist í sátt við náttúruna. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Kafli 6, Varnir gegn náttúruvá. Allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvá. Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvá. Kafli 7, Vernd lífríkis Íslands. Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Kafli 8, Vernd sérstæðra jarðmyndana. Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu. Kafli 9, Vernd víðerna. Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Kafli 11, Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða. Auðlindir landsins í jarðvegi og gróðri verði nýttar á sjálfbæran hátt. Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarþols. Unnið verði að landgræðslu og hraðfara jarðvegseyðing stöðvuð. Nytjaskógar verði til að efla byggð og atvinnu og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins. Kafli 12, Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa. Endurnýjanlegar orkuauðlindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Kafli 13, Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs. Dregið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu. Kafli 17, Vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Öll nýting náttúrunnar fari fram á sjálfbæran hátt. Við framkvæmdir verði neikvæðum áhrifum á vistkerfi haldið í lágmarki.
Stefnuýfirlýsing ríkisstjórnar	Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu og öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði umhverfisverndar. Ísland hefur sérstöðu í umhverfismálum í krafti ósnortinnar náttúru og sjálfbærrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Lögð er áhersla á að náttúruvernd og náttúrunýting fari saman.
Vegvísir í ferðaþjónustu	Áfangastaðir ferðamanna verði skilgreindir í aðalskipulagi. Á áfangastöðum verði hugað að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni áfangastaða, þjónustu, landvörslu, viðhaldi og uppbyggingu sem fellur vel að landslagi. Umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur, m.a. til að létta álagi af svæðum, þannig að herra hlutfall gistinátta erlendra ferðamanna, á hótelum og gistiheimilum á landsbyggðinni, verði utan háannatíma. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið. Bæta þarf uppbyggingu og viðhald heilsársvega og æskilegt er að skilgreina ferðamannaleiðir.



Samningar	Lýsing
Ramsarsamningur um votlendi	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þrífætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.
Rammasamningur SP um loftslagsbreytingar	Að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.
Parísarsamkomulagið	Parísarsamkomulagið skyldar þær 195 þjóðir sem skrifuðu undir til að vinna saman að því að halda hnattrænni hlýnun af mannavöldum innan 2°C marksins, með aukamarkmið að reyna að stefna að því að halda því innan 1,5°C. Það hefur í för með sér að stöðva aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda eins fljótt og hægt er og ná jafnvægi á milli losunar og bindingar.
Bernar- samningurinn (staðfestur 1993)	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra.



3.4 VALKOSTIR OG MAT Á ÁHRIFUM

Í umhverfismatinu verða metin möguleg umhverfisáhrif valkosta er snerta íbúðarbyggð, atvinnu og samgöngur.

Megin áherslur í greiningu á kostum og sviðsmyndum verður þó eftirfarandi:

- Byggð: Fjallað verður um mismunandi kosti í uppbyggingu íbúðar- og atvinnusvæða og þá sérstaklega varðandi staðsetningu þeirra, afmörkun og byggðamynstur.
- Uppbygging ferðapjónustu og staðsetning nýrra lóða fyrir þá uppbyggingu.
- Möguleikar í uppbyggingu fjölbreyttra atvinnuvega.
- Uppbygging göngustíga og gönguleiða um svæðið og myndun miðbæjar.

Í matinu verða kostir bornir saman innbyrðis og við óbreytt ástand, þ.e. gildandi skipulag og þá sviðsmynd að ekkert verði aðhafst miðað við núverandi ástand. Kostir verða bornir saman m.t.t. umhverfisþátta með aðstoð gátlista og samanburður á þeim settur fram í yfirlitstöflum.

Sveitarstjórn og Hafnar- og skipulagsnefnd Skagastrandar mun leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar með aðstoð ráðgjafahóps um endurskoðun Aðalskipulags Skagastrandar.

Umhverfismatið verður byggt á þeim matsspurningum sem lagðar eru fram í töflu 2 um hvern umhverfisþátt.

Eftirfarandi einkennum áhrifa verður lýst:

Umfang: Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunni að verða fyrir áhrifum. Er líklegt að áhrif áætlunar gæti yfir sveitarfélagsmörk/landamæri?

Líkur: Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg eru þau? Eru áhrifin t.d. afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg?

Sammögnun áhrifa: Er líklegt að einstakir stefnuþættir skipulagsins geti valdið sammögnuðum áhrifum á umhverfið?

Áhætta: Kann áætlunin að auka áhættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið.

Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnuskjöllum og markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum, öðrum opinberum stefnuskjöllum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt

verður byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og samráð meðan á undirbúningi skipulagsins stendur.

Ef umhverfisáhrif eru talin verða verulega neikvæð verður kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum.

Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eða hvort gera þurfi vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

3.5 VÆGI UMHVERFISÁHRIFA

Vægi áhrifa	Skýring
+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt. Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
?/0	Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfisþátt. Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.
-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt. Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.



3.6 UMHVERFISMAT

3.1.1 Miðsvæði (M) - 3.2.3 Samfélagsþjónusta (S) Gert er ráð fyrir einu svæði sem fellur undir skilgreininguna miðsvæði í stað þriggja. Innan miðsvæðis falla íbúðarsvæði við Hólanesveg og samfélagsþjónusta þjónustureitur.	3.1.2 Athafnasvæði (AT) Breytt afmörkun athafnasvæðis (A7) svæðið er minnkað um 0,3 ha í hæg opna svæðisins við Skagatún sem stækkar í jöfnu hlutfalli. Breytingin slitur tengsl athafnasvæðisins og íþróttasvæðis íþ2 sem liggur þá að opnu svæði (O6) á þrjá vegu.	3.1.2 Verslun og þjónusta (Vp) - 3.1.3 Iðnaðarsvæði (I) Breytt skilgreining þar sem iðnaðarsvæði (I4) er felld út og fær skilgreiningu fyrir verslun og þjónustu (Vp2).	3.1.5 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) Gert er ráð fyrir að stækka núverandi skógræktar- og landgræðslusvæði í útjaðri þéttbýlisins (SL1) um 60 ha. Megin tilgangur með stækkuninni er að græða land, mynda skjól fyrir byggðina og til útivistar. Að teknu tillit til þeirra ákvæða er koma fram í kafla 3.1.5. mun áætlunin hafa óveruleg áhrif á flesta þá áhrifaþætti sem tilteknir eru og gætu hugsanlega orðið fyrir áhrifum af skógræktinni. Breytingin hefur jákvæð áhrif á gæði byggðarinnar til framtíðar þar sem veðursæld eykst þegar skógurinn hefur náð þeirri stærð að kljúfa vind. Breytingin hefur jákvæð áhrif á aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útivistarsvæðum og náttúru. Aukin skógrækt hefur ávallt staðbundin neikvæð áhrif á núverandi gróðurfar og dýralíf en á móti getur hún líka aukið fjölbreytni hvað varðar gróður og dýralíf. Jákvæð áhrif á loftgæði með aukinni kolefnisbindingu. Aukin skógrækt á svæðinu hefur ávallt breytingu á ásjóni í för með sér og landslagið breytist. Breytingin hefur óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti.	3.2.1 Íbúðarbyggð (ÍB) - 3.1.2 Verslun og þjónusta (Vp) - 3.2.6 Opið svæði (OP) Svæði verslunar og þjónustu (V2) er felld út og á því er skilgreint svæði fyrir íbúðarbyggð (ÍB3) við Strandgötu og opið svæði (OP5) er stækkað. Engin uppbygging hefur verið á verslunar- og þjónustusvæðinu (V2). Breytingin gerir byggðina heilstæðari og tengir saman byggðarkjarnana á Skagatrönd.	7.2.4 Fráveita Almenn ákvæði um fráveitu og lagfæringar á útrásum sem lagðar eru til munu hafa jákvæð áhrif á umhverfið.
Jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti +	Óveruleg eða óljós áhrif á alla umhverfisþætti. 0	Óveruleg eða óljós áhrif á alla umhverfisþætti. 0	Jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn samfélag +	Óveruleg eða óljós áhrif á alla umhverfisþætti. 0/?	Jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti +



Landsskipulagsstefna 2015-2026	
2. Skipulag í dreifbýli Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttir nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðapjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag. 2.2 Umhverfis- og menningargæði - Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. 2.4 Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi - Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðapjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðapjónustu.	Stefna og ákvæði aðalskipulagsins er í samræmi við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Í aðalskipulaginu kemur m.a. fram: Taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum. Vernda skuli landslagsheildir og fjölbreytileika landslags og stuðlað að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfisgæða almennt. Grundvöllur fyrir ferðapjónustu verði styrktur með því að varðveita gæði náttúru og menningarlandslags. Sjálfbær ferðapjónusta verði ein af meginstöðum í atvinnulífi sveitarfélagsins þannig að ekki verði gengið á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins. Áhersla er lögð á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðapjónustu að gagni, s.s. merkingu á góðum gönguleiðum og uppbyggingu á áfangastöðum, sjóböðum og móttaka skemmtiferðaskipa.
3. Búsetumynstur og dreifing byggðar Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna. 3.4 Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.	Í aðalskipulaginu er lagðar línur sem stuðla að frekari tengslum á milli landnotkunarflokka. Lögð er áhersla á heildarsýn umferðarkerfi bæjarins þar sem hugað er sérstaklega að virkum samgöngumátum. Áhersla er lögð á vistvænar samgöngur inna sveitarfélagsins með uppbyggingu stígakerfis bæði í byggðinni og á óbyggðum svæðum og endurbótum á tengivegum. Stuðlað er að bættum samgöngum með því að leggja áherslu á að tryggja hagkvæmar almenningssamgöngur við nágrannabyggðarlög. Markmið íbúðarbyggðar er að mynda byggð sem samsvarar sér vel og er aðlaðandi fyrir íbúa jafnt sem gesti. Þau lífsgæði sem felast í fagurri náttúru, landslagi og lífríki skulu varðveitt og eflað og innar umhverfi bæjarins fegrað og bætt. Áhersla er lögð á að byggja í eyður í byggðinni til að nýta grunnkerfi sem best og skapa heildstæðari byggð með sem stystum vegalengdum. Einnig er lögð áhersla á að fullbyggja núverandi hverfi og nýta óbyggðar lóðir áður en ráðist er í ný hverfi eða nýframkvæmdir við grunnkerfi. Eitt stórt miðsvæði er skilgreint í gamlabænum og íbúðarbyggð látin tengja kjarnana tvo sem myndast hafa í þéttbýlinu. Breyting er gerð á nokkrum svæðum, bæði á skilgreiningu og legu með það að markmiði að stuðla að þéttari byggð og betra samspili milli íbúðarbyggðar, atvinnu og þjónustu. Afmörkun athafna- og iðnaðarsvæði skuli taka mið af þörfum atvinnulífsins og sjónarmiða um fallega bæjarmynd, stuðlað að aðlaðandi ásýnd og vandaðan umhverfisfrágang og yfirbragð.
4. Skipulag á haf- og strandsvæðum Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.	Í ákvæðum aðalskipulagsins segir m.a. að áhersla verði á að halda strönd, fjörum og grunnsævi í náttúrulegu ástandi eins og kostur er og að nýting auðlinda strandarinnar sé sjálfbær. Staðinn verði vörður um vistkerfi á strandsvæðum og fjörur verði hreinar og aðgengilegar. Einnig kemur fram að eðlilegt svigrúm verði fyrir þróun hafnar- og hafnarsækinnar starfsemi. Í þessum tilgangi er hafnarsvæði og svæði fyrir sérstök not haf- og strandsvæða þar sem ákveðin uppbygging er leyfileg sem miðar að eðlilegri þróun hafnarsvæðisins og möguleika fyrir fjölbreytta þjónustu á svæðinu.



5. Loftslagmiðað skipulag Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. 5.1. Loftslagsvænar samgöngur Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, með áherslu á virka ferðamáta og almenningssamgöngur. 5.1.1 Byggðamynstur í þágu loftslagsmála Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að móta byggðarheildir með þétta og blandaða byggð í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn með það að markmiði að draga úr vegalengdum og ferðapörf og auka hlutdeild virkra ferðamáta og almenningssamgangna. Í aðalskipulagi, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði skilgreind vinnusóknar- og þjónustusvæði og stuðlað að góðum tengslum milli byggðarheilda með almenningssamgöngum og svæðisbundnu stígakkerfi. 5.1.2 Skipulag innviða í þágu loftslagsvænna samgangna í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á virka ferðamáta og almenningssamgöngur. Skipulag styðji einnig við orkuskipti og skapi, eftir því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna. 5.2 LOFTSLAGSVÆN BYGGÐ Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að minnka kolefnisspor samfélagsins með áherslu á loftslagsvæna mannvirkjagerð og eflingu hringrásarhagkerfis. Skipulagsgerð sveitarfélaga:	Stefna og ákvæði aðalskipulagsins er í samræmi við fimmta kafla Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Með því að stuðla að eflingu vistvænna ferðamáta með bættum stígatengingum og öruggum göngu- og hjólaleiðum innanbæjar. Með því er dregið úr loftslagsáhrifum samgangna. Stærð þéttbýlis gerir það að verkum að öll grunnþjónusta er innan þess ramma sem skilgreina má sem 20 mínútna bæinn og öll þjónusta er í 10-15 mínútna göngufæri. Uppbygging göngustíga samræmist markmiðum um skipulag innviða í þágu loftslagsmála. Fram kemur í skilmálum einstakra svæða að Við skipulag svæðis og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar og er þetta í fullu samræmi við stefnu um sveigjanleika.
---	---



5.2.1 Loftslagsvæn mannvirkjagerð Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að kolefnisspor byggðar sé eins lítið og kostur er. Þannig verði við skipulagsgerð hugað að því að byggingar og almenningsrými séu sveigjanleg gagnvart breyttri nýtingu. Jafnframt verði tekin afstaða til þess í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, hvort gera eigi sérstakar kröfur um vistvænar áherslur og kolefnisspor mannvirkjagerðar.

5.2.2 Auðlindanýting, endurvinnsla og endurnýting Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um aðstæður fyrir endurvinnslu og endurnýtingu, með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið og draga eins og kostur er úr urðun úrgangs. Skipulag styðji við að auðlindir séu nýttar með sjálfbærum hætti, í samræmi við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.

5.3 LOFTSLAGSVÆN LANDNOTKUN

Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.

5.3.1 Varðveisla og binding kolefnis í jarðvegi og gróðri

Við gerð aðalskipulags sveitarfélaga, og eftir atvikum svæðisskipulags, verði lagt mat á ástand lands með tilliti til kolefnisbúskapar. Í aðalskipulagi, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði sett fram stefna um varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun. Stefnan miði að því að varðveita land þar sem eru miklar kolefnisbirgðir. Hún miði einnig að því að draga úr jarðvegseyðingu og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast, með það að markmiði að auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Jafnframt verði, eftir því sem við á, tekin afstaða til ráðstöfunar lands fyrir bindingu kolefnis í bergi.

5.3.2 Vernd og endurheimt votlendis Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um verndun og endurheimt votlendis og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun. Stefnan miði að því að varðveita og binda kolefni í votlendi.

5.3.3 Skógar og skógrækt Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um skóga og skógrækt með það að markmiði að tryggja viðhald og útbreiðslu náttúruskóga, vernda líffræðilega fjölbreytni og auka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. 5.3.4 Framleiðsla matvæla og orkujurta Stefna í skipulagsáætlunum sveitarfélaga um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af flokkun landbúnaðarlands með það að markmiði að varðveita til framleiðslu matvæla og eftir atvikum orkujurta, land sem hentar vel til ræktunar.

Sett eru fram víðtæk ákvæði um úrgangsstjórnun í kafla 5.1.3 um iðnaðarsvæði sem samræmast Landsskipulagsstefnu.

Ekki hefur verið lagt sérstakt mat á ástandi lands með tilliti til kolefnisbúskapar í aðalskipulaginu en sett eru fram markmið um að varðveita stærri votlendissvæði og einnig er lögð til aukin skógrækt.



5.4 BYGGÐ MEÐ VIÐNÁMSPRÓTT GAGNVART UMHVERFISBREYTINGUM Skipulag efli viðnámsprótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. 5.4.1 Greining áskorana Við gerð aðalskipulags sveitarfélaga verði greint hvaða áskorana er að vænta í sveitarfélaginu til langs tíma vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem varðað geta ákvarðanir um landnýtingu og þróun byggðar. Það getur meðal annars átt við hækkun sjávarborðs og ágang sjávar, vatnsflóð, hörfun jökla, skriðuföll, úrkomuákefð, ofviðri, gróðurelda og líffræðilega fjölbreytni. 5.4.2 Skipulag og mannvirkjagerð með tilliti til umhverfisbreytinga í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði tekin afstaða til þess hvaða takmarkanir þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnýtingu í sveitarfélaginu og sett viðeigandi skipulagsákvæði þar sem það á við. 5.4.3 Grænir innviðir Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að því hvernig nýta má græna innviði til að milda og takast á við áhrif loftslagsbreytinga á byggð.	Í kafla 5.6.3 um náttúruvá er fjallað um t.d. hættu vegna sjávarflóða sem er sú náttúruvá sem einna helst hefur áskoranir í för með sér varðandi framtíðar landnýtingu og settar eru fram hugmyndir að sjóvörnum þar sem við á.
6. Staðarmótun og landslagsvernd Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og efli gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað. 6.0.1 Skipulag með tilliti til landslags Við skipulagsgerð sveitarfélaga taki ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Leitast verði við að haga skipulagi byggðar og landnotkunar þannig að verðmætt landslag sé varðveitt og að hönnun byggðar og bæjarrýma leggi af mörkum til að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og byggðu. 6.0.2 Mat á áhrifum skipulags á landslag Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á áhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar og landnotkunar sem til greina koma á náttúrulegt og byggt landslag. 6.1 VARÐVEISLA OG EFLING LANDSLAGSGÆÐA OG STAÐAREINKENNA	Stefna aðalskipulags miðast að því að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar. Umhverfi sveitarfélagsins, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, sé vistlegt og aðlaðandi þar sem áhersla verði lögð á að verja óspillta náttúru og dýralíf fyrir óþarfa ágangi. Lögð verði áhersla á snyrtilega byggð og fagurfræðileg sjónarmið höfð að leiðarljósi við frágang og útlit opinberra bygginga og umhverfi þeirra. Landslag er einn af umhverfiþáttum sem lagt er mat á í umhverfisskýrslu.



Skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu og ræktun taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi, byggt á landslagsgreiningu og mati á staðareinkennum. 6.1.1 Skipulagsgerð með tilliti til landslags og staðareinkenna Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði landslag og staðareinkenni greind. Niðurstöður landslagsgreiningar verði lagðar til grundvallar við mörkun stefnu um ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar með það að markmiði að byggja á, viðhalda og efla þau gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar. 6.1.2 Skipulagsgerð með tilliti til víðerna Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði óbyggð víðerni greind og kortlögð. Stefna um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af niðurstöðum þeirrar greiningar, með það að markmiði að viðhalda óbyggðum víðernum. 6.1.3 Skipulagsgerð um skóga og skógrækt Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir því sem við á svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um skóga og skógrækt. Hún feli í sér áherslur sveitarstjórnar um verndun og viðhald náttúraskóga og um framfylgd landsáætlunar um skógrækt að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna, meðal annars með tilliti til landslagsverndar. 6.1.4 Skipulagsgerð með tilliti til ræktunarskilyrða Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði landbúnaðarland flokkað með tilliti til ræktunarskilyrða. Stefna í skipulagsáætlunum sveitarfélaga um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af flokkun landbúnaðarlands með það að markmiði að varðveita til framleiðslu matvæla og eftir atvikum orkujurta, land sem hentar vel til ræktunar. Jafnframt byggji ákvæðanir um uppskiptingu lands á skipulagsáætlunum. 6.2 LANDSLAGSHÖNNUN OG MANNVIRKI Í LANDSLAGI	Við skipulagsgerð er horft til þátta eins og landslags og staðareinkenna þegar kemur að landnóttun. Markmið skal vera að mynda byggð sem samsvarar sér vel og er aðlaðandi fyrir íbúa jafnt sem gesti. Þau lífsgæði sem felast í fagurri náttúru, landslagi og lífríki skulu varðveitt og eflað og innra umhverfi bæjarins fegrað og bætt. Sveitarfélagið er landlítið og þetta á því ekki við. Sett er stefna um skógrækt í aðalskipulaginu og þar er sett fram stefna um aukna skógrækt. Þar kemur fram að á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil. Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásynd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum. Mjög lítil landbúnaður fyrir utan frístundabúskap er stundaður í sveitarfélaginu og því hefur ekki farið fram sérstök flokkun á landbúnaðarlandi og verður ekki gerð.
---	--



6.2 LANDSLAGSHÖNNUN OG MANNVIRKI Í LANDSLAGI Skipulag byggðar skapi góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi hönnun byggðar og almenningsrýma. 6.2.1 Fjölbreytt og lifandi bæjarrými í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um bæjarrými og bæjahönnun í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn með það að markmiði að tryggja fjölbreytt og lifandi bæjarrými og góð tengsl á milli þeirra. 6.2.2 Gatnakerfi og göturými í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gatnakerfi og hönnun og útfærslu göturýma sem tekur mið af fjölþættu hlutverki gatna sem umferðarleiða og bæjarrýma. Sérstaklega verði hugað að hönnun og útfærslu aðalगतna, sem þjóna gegnumumferð auk þess að gegna hlutverki sem umferðarleiðir og bæjarrými í viðkomandi hverfi. 6.2.3 Grænir innviðir í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gróður og náttúru í hinu byggða umhverfi með það að markmiði að fegra og bæta umhverfi, skapa aðlaðandi og áhugaverða umgjörð um hreyfingu og útveru og leggja af mörkum til loftslagsmála með gróðri, viðhaldi líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbærum ofanvatnslausnum. 6.2.4 Hönnun mannvirkja í landslagi Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja, jafnt í þéttbýli og í opnu landi með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.	Eftirfarandi ákvæði í aðalskipulaginu á sér góðan samhljóm með Landsskipulagsstefnu. Með því að stuðla að eflingu vistvænna ferðamáta með bættum stígatengingum og öruggum göngu- og hjólaleiðum innanbæjar að fjölbreytt aðstaða sé fyrir hendi til leikja- og tómstundastarfs og aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar og fegrunar. Gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda að útivistarsvæðum verði tryggt. Stuðlað sé að aukinni hreyfingu og útivist í sveitarfélaginu. Stuðlað skal að eflingu vistvænna ferðamáta með bættum stígatengingum. Öruggar göngu- og hjólaleiðir skulu tryggðar innanbæjar og tengsl þéttbýlisins við náttúru og útivistarsvæði efla. Lögð skal áhersla á heildarsýn á umferðarkerfi bæjarins þar sem hugað er sérstaklega að virkum samgöngumátum. Stefna aðalskipulags um opin svæði sem og kafla um óbyggð svæði samræmist vel Landsskipulagsstefnu.
7. Heilsuvæn byggð og landnotkun Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsu og vellíðan. 7.0.1 Skipulag í þágu lýðheilsu Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að skapa heilnæmt umhverfi sem hvetur til hollra lífshátta og veitir möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta. Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa. 7.0.2 Mat á lýðheilsuáhrifum skipulags Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á lýðheilsuáhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar og landnotkunar sem til greina koma.	Stefna aðalskipulags um opin svæði, samgöngur-, vegi og stíga fellur vel að Landsskipulagstefnu hvað varðar heilsuvæna byggð og landnotkun. Með því að stuðla að eflingu vistvænna ferðamáta með bættum stígatengingum og öruggum göngu- og hjólaleiðum innanbæjar að fjölbreytt aðstaða sé fyrir hendi til leikja- og tómstundastarfs og aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar og fegrunar. Gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda að útivistarsvæðum verði tryggt. Stuðlað sé að aukinni hreyfingu og útivist í sveitarfélaginu.



7.1 HEILSUVÆNIR FERÐAMÁTAR OG HREYFING Í DAGLEGU LÍFI Skipulag byggðar og landnotkunar hvetji til göngu og hjólræiða og annarra virkra ferðamáta og stuðli að hreyfingu í daglegu lífi. 7.1.1 Byggðamynstur í þágu lýðheilsu Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að móta byggðarheildir með þétta og blandaða byggð í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn með það að markmiði að bæta göngu- og hjólahæfi og auka hreyfingu í daglegu lífi. 7.1.2 Skipulag og hönnun gatna og stíga í þágu lýðheilsu Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að skipulag gatnakerfis og hönnun og útfærsla göturýma innan byggðarheilda tryggi góðar aðstæður fyrir alla ferðamáta, með áherslu á göngu og hjólræiðar og aðra virka ferðamáta, með það að markmiði að auka hreyfingu í daglegu lífi. Innan og utan þéttbýlis verði miðað að því að stígakerfi geti þjónað sem samgöngu- og útivistarleiðir.	
7.2 FJÖLBREYTT ÚTIVIST Í NÁND VIÐ NÁTTÚRU Skipulag byggðar og landnotkunar tryggi möguleika til dvalar og hreyfingar utandyra að sumri og vetri, með áherslu á nánd við náttúru. 7.2.1 Fjölbreytt útivistarsvæði til margvíslegra nota Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði gert ráð fyrir heildstæðu kerfi fjölbreyttra og vandaðra útivistarsvæða af mismunandi stærð og gerð sem gefi kost á hreyfingu, leik, samskiptum og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa. 7.2.2 Náttúra í almenningssýmum Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að því að flétta náttúru sem víðast inn í hið byggða umhverfi, í þeim tilgangi að skapa heilsuvænt og fallegt umhverfi og gott nærveðurfar.	



7.3 FJÖLBREYTT HÚSNÆÐI SEM MÆTIR ÞÖRFUM ÓLÍKRA HÓPA Skipulag skapi umgjörð fyrir uppbyggingu vandaðs íbúðarhúsnæðis sem mætir þörfum ólíkra aldurs- og félagshópa. 7.3.1 Fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að því að uppbygging íbúðarhúsnæðis svari þörfum miðað við lýðfræðilega þróun. Skýr tengsl verði á milli greiningar og stefnu í skipulagsáætlunum og húsnæðisáætlunar viðkomandi sveitarfélags. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt miðað að því að innan hvernar byggðarheildar sé fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði, í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn. 7.3.2 Vandað íbúðarhúsnæði Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að gæðum íbúðarhúsnæðis, svo sem hvað varðar byggingarlist, birtu, hljóðvist og útirými. 7.4 HEILNÆMT OG ÖRUGGT UMHVERFI Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi. Skipulagsgerð sveitarfélaga: 7.4.1 Loftgæði og hljóðvist Skipulagsgerð sveitarfélaga miði að því að tryggja loftgæði og góða hljóðvist, meðal annars með útfærslu byggðar og almenningssýma sem dregur úr ferðaþörf og hvetur til virkra ferðamáta. 7.4.2 Aðgengi og öryggi í almenningssýmum Skipulagsgerð sveitarfélaga miði að því að tryggja aðgengi og öryggi á götum og stígum og í öðrum almenningssýmum og beini sjónum sérstaklega að þörfum viðkvæmra hópa. 7.5 TÆKIFÆRI TIL ÁHRIFA Á MÓTUN NÆRUMHVERFIS Við skipulag byggðar og landnotkunar verði tryggð góð tækifæri fyrir ólíka aldurs- og félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um þeirra nærumhverfi. 7.5.1 Samráð við skipulagsgerð Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun síns nærumhverfis tryggður í gegnum allt skipulagsferlið; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika íbúa til þátttöku.	Stefna aðalskipulags er að Gert verði ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum og íbúðastærðum til að mæta þörfum ólíkra aldurshópa og fjölskyldustærða. Lögð verði áhersla á að byggja í eyður í byggðinni til að nýta grunnkerfi sem best og skapa heildstæðari byggð með sem stystum vegalengdum í þjónustu, með fjárhagslega hagsmuni íbúa og bæjarsjóðs í huga. Sérstök áhersla verði á að nýta óbyggðar lóðir og fullbyggja hverfi áður en ráðist er í ný hverfi eða nýframkvæmdir við grunnkerfi með tilheyrandi kostnaði.
--	---



 Heimsmarkmið Sameinuð þjóðanna um sjálfbæra þróun		
3 HEILSA OG VELLÍÐAN 	3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.	Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á heildarsýn umferðarkerfi bæjarins þar sem hugað er sérstaklega að virkum samgöngumátum. Áhersla er lögð á vistvænar samgöngur inna sveitarfélagsins með uppbyggingu stígakerfis bæði í byggðinni og á óbyggðum svæðum og endurbótum á tengivegum og auknu öryggi vegfarenda á vegum og stígum. Stuðlað er að bættum samgöngum með því að leggja áherslu á að tryggja hagkvæmar almenningssamgöngur við nágrannabyggðarlög. Með stefnunni leggur sveitarfélagið sitt af mörkum til þess að draga úr umferðarslysum.
4 MENNTUN FYRIR ALLA 	4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsver, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gengt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi. 4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.	Í aðalskipulaginu kemur fram áhersla á hvatningu, stuðning og aðstoð við fullorðinsfræðslu íbúa. Aukinn stuðning við tengsl listamiðstöðvar og rannsóknarseturs við skóla með það að markmiði að auka fjölbreytni og innihald list- og raungreina. Áhersla á jákvæða uppeldis- og skólastefnu og stefna er sett á að hlúa að menningarlífi bæjarbúa. Það er trú sveitarfélagsins að samspil menntunar, lista og rannsókna sé farsæl leið til þess að efla hagnýta kunnáttu og tryggja nauðsynlega þekkingu og færni sem styður sjálfbæra þróun í þeirri mynd sem sett er fram í þeim undirmarkmiðum sem vísað er til.
6 HREINT VATN OG HREINLÆTISABTABA 	6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan. 6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjallendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.	Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á markvissa vöktun er tryggir rekstraröryggi, afhendingu og vatnsgæði vatnsveitu. Stefnt er að því að mengun frá fráveitu verði ætíð í lágmarki með því að tryggja heilbrigða losunarhætti og að fráveituáætlun sveitarfélagsins verði endurskoðuð reglulega. Flokkun vatnasvæða fari fram á skipulagstímabilinu. Í aðalskipulaginu er nýtt skógræktarsvæði skilgreint í útjaðri þéttbýlisins en skógræktarsvæði sem skilgreind eru í aðalskipulaginu eru einkum útivistarsvæði fyrir almenning. Sveitarfélagið telur að þær aðgerðir sem lagðar eru til í aðalskipulaginu vinni markvisst að auknum vatnsgæðum.



7 SJÁLFBÆR ORKA 	7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.	Í stefnu sveitarfélagsins kemur m.a. fram að stefnt sé að öll hús sveitarfélagsins skuli ávallt tengdir hitaveitu.
8 GÖB ATVINNA OG HAGVÖXTUR 	8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.	Í aðalskipulaginu kemur m.a. fram að grundvöllur fyrir ferðaþjónustu verði styrktur með því að varðveita gæði náttúru og menningarlandslags. Sjálfbær ferðaþjónusta verði ein af meginstoðum í atvinnulífi sveitarfélagsins þannig að ekki verði gengið á náttúrulega eða menningarsöguleg gæði svæðisins. • Í aðalskipulaginu er sett stefna sem stuðlar að sjálfbærri ferðaþjónustu sem leggur áherslu á vernd þeirra þátta sem skapa gæði fyrir ferðaþjónustu og samfélagið.
9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING 	9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.	Í aðalskipulaginu kemur m.a. fram að tryggt skuli að allir íbúar sveitarfélagsins séu ávallt tengdir hitaveitu og vatnsveitu og að flutningskerfi raforku anní ávallt eftirspurn eftir raforku. Öll hús í sveitarfélaginu verði tengd fráveitukerfi eða hafi viðurkennda rotþró. Komið verði á aukinni flokkun úrgangs við myndunarstað, bæði á heimilum og í fyrirtækjum og íbúum verði gert auðvelt að koma úrgangi til endurnotkunar og endurnýtingar. Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun hafnarstarfsemi og hafnsækinnar starfsemi. Tryggja skuli að hagkvæmar almenningssamgöngur við nágrannabyggðalög séu ávallt í boði. Búa skuli í haginn fyrir fjölbreytt atvinnulíf og efla nýsköpun. Mikil áhersla er lögð á að allir innviðir sveitarfélagsins miði að sjálfbærni og þannig úr garði gerðir að þeir styðji við þróun og framfarir en hamli þeim ekki. Innviðir séu í hag allra óháð efnahag eða stöðu.



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG 	11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötlðu fólki og öldruðum. 11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.	Í aðalskipulaginu kemur m.a. fram að tryggja skuli hagkvæmar almenningssamgöngur við nágrannabyggðalög séu ávallt í boði. Stuðla skuli að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar. Komið verði á aukinni flokkun úrgangs við myndunarstað, bæði á heimilum og í fyrirtækjum og íbúum verði gert auðvelt að koma úrgangi til endurnotkunar og endurnýtingar.
12 ABYRG NEYSLA OG FRAMLÆIÐSLA 	12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirk nýtingu náttúruauðlinda náð.	Í aðalskipulaginu kemur fram að nýting og verndun náttúruauðlinda skuli vera í samræmi við leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins sem og aðrar skuldbindingar landsins og sveitarfélagsins og skal grundvallast á sjálfbærri þróun.
13 AÐGERDIR Í LOFTSLAGSMÁLUM 	13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótum og skipulagi.	Í aðalskipulaginu kemur fram að í búa sveitarfélagsins skuli búa við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár og að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár og að eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá.
14 LÍF Í VATNI 	14.3 Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, t.d. með því að efla vísindasamstarf á því sviði.	Í aðalskipulaginu kemur m.a. fram að stefnt sé að því að mengun frá fráveitu verði ætíð í lágmarki með því að tryggja heilbrigða losunarhætti, að öll hús í sveitarfélaginu verði tengd fráveitukerfinu eða hafi viðurkennda rotþró. Komið verði á aukinni flokkun úrgangs við myndunarstað, bæði á heimilum og í fyrirtækjum og íbúum verði gert auðvelt að koma úrgangi til endurnotkunar og endurnýtingar.
15 LÍF Á LANDI 	15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum. 15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim. 15.9 Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.	Í aðalskipulaginu kemur fram að umhverfi sveitarfélagsins, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, sé vistlegt og aðlaðandi þar sem áhersla verði lögð á að verja óspillta náttúru og dýralíf fyrir óþarfa ágangi, vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar. Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tillit tekið til komandi kynslóða og náttúrunnar. Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar. Landslagheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð. Útbreiðsla ágengra tegunda, eins og lúpínu og skógarkerfils, verði heft. Nýting og verndun náttúruauðlinda skal vera í samræmi við leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins sem og aðrar skuldbindingar landsins og sveitarfélagsins og skal grundvallast á sjálfbærri þróun. Taka skuli fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.



4 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR

Afmörkun landnotkunarreita og nákvæmnu uppdrátta

Skipulagsgögnin eru unnin á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands í mkv. 1:50.000.

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagsáætlunin sett fram á nokkrum séruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Skipulagsuppdrættir eru þessir:

- Sveitarfélags- og þéttbýlisuppdráttur, mkv. 1:10.000 og 1:50.000.
- Til þess að auðvelda lestur skipulagsgagna eru helstu efnisþættir aðalskipulags dregnir saman til skýringar á sérstökum þemauppdráttum í mkv. 1:250.000. Þemauppdrættirnir eru felldir inn í greinargerðina og einnig settir aftast í greinargerðina til frekari glöggvunar:

Skipulagsuppdrættir gilda ef ósamræmi er milli þemauppdrátta og skipulagsuppdrátta. Auk þess eru skýringarmyndir felldar inn í greinargerðina en þær eru einvörðungu til skýringar. Vegna mælikvarða á sveitarfélagsuppdrætti eru svæði sem eru 5 ha eða minni táknud með hring en ekki afmörkuð.

5 LANDNOTKUN

Landnotkunarflokkar: Miðsvæði, verslun og þjónusta, afþreyingar- og ferðamannasvæði, athafna- og iðnaðarsvæði skógræktar- og landgræðslusvæði.

5.1 ATVINNA

5.1.1 Miðsvæði (M)

Samkvæmt skipulagsreglugerð er miðsvæði skilgreint sem svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Frá fyrra aðalskipulagi er skilgreining miðsvæðis einfölduð. Í stað þriggja reita er reiturinn gerður að einum. Íbúðarsvæði við Hólanesveg sem og stjórnsýslureitur verða einnig innan miðsvæðis.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Miðsvæði Skagastrandar skal þjóna öllu sveitarfélaginu sem miðstöð menningar, stjórnsýslu og verslunar.
- Skapa skal miðsvæðinu sérstöðu í bæjarmyndinni þar sem áhersla verður lögð á þéttari byggð, skjól og rýmismyndun.
- Beina skal allri verslun og þjónustu á miðbæjarsvæðið til að hraða uppbyggingu þess.
- Miðsvæði Skagastrandar verði aðdráttarafi fyrir íbúa sveitarfélagsins og ferðamenn og ásýnd svæðisins fegruð með gróðri og vönduðum yfirborðsefnum.
- Lögð skal áhersla á falleg skilti og merkingar sem falli vel að umhverfi sínu og með útliti og gerð þeirra skal leitast við að styrkja bæjarbrag og skapa staðaranda og vekja athygli á áhugaverðum stöðum. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.
- Áhersla verði lögð á vandaðan frágang og aukna notkun gróðurs meðfram götum á miðbæjarsvæði og aukin áhersla lögð á umhverfisleg gæði.
- Í deiliskipulagi verði gerð kvöð um notkun gróðurs við bílastæði og opin svæði.
- Svigrúm verði fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og hlutverki svæðisins sem miðkjarna.
- Leitast verði við að fylla í eyður þar sem tækifæri er til og að beina nýrri verslun og þjónustu á miðsvæðið.

Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd byggðarinnar og áhersla lögð á vandaðan frágang á svæðinu, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Á skipulagsuppdrætti fær miðsvæði dókkulan lit. Eftirfarandi svæði á Skagaströnd eru skilgreind sem miðsvæði:



Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
M1	3,7	Á svæðinu er, stjórnsýsluhús, ferðapjónusta, póst-afgreiðsla, bensínstöð, banki, íbúðir, listamiðstöð, söfn, Bjarmanes, Árnes, rafstöðvarhús og áhaldahús. Þar er einnig Spákonuhof-sögusýning um Þórdísi Spákonu	Möguleiki er á viðbyggingum og nýbyggingum innan reitsins og skal uppbygging vera í samræmi við deiliskipulag en skv. deiliskipulagi er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu við Hólanesveg 6, Oddagötu 2 og 6, Fjörubraut 1, 2, 6 og 8. Möguleiki á uppbyggingu sjóbaða með tilheyrandi aðstöðu á Hólanessvæðinu.



Mynd 7. Bjarmanes.

5.1.2 Verslun og þjónusta (VP)

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru þetta svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Breytingar frá fyrra skipulagi felast í því að skilgreindur er verslunar- og þjónustureitur við norðurenda hafnarsvæðis þar sem áður var skilgreindur reitur undir iðnað.

Svæði verslunar og þjónustu sem skilgreint var í fyrra skipulagi sem (V2) er felld út og fær nýja skilgreiningu, íbúðarbyggð (ÍB3) og opið svæði (OP5) stækkar. Skilgreint er nýtt svæði V3 þar sem rekin er ferðapjónusta í dag.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Verslun og þjónustu verði sem mest beint að miðbæjarsvæði Skagastrandar þar sem talsvert svigrúm er til frekari uppbyggingar.
- Lögð verði áhersla á eflingu og uppbyggingu á verslun og þjónustu m.a. með eflingu ferðapjónustu á Skagaströnd.
- Gefa eðlilegt svigrúm fyrir þróun á verslunar- og þjónustustarfsemi.
- Deiliskipulagsskilmálar fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði miði að gæðum húsnæðis og vönduðu yfirbragði byggðar og menningarstefna í mannvirkjagerð verði höfð til hliðsjónar.
- Stuðlað verði að aðlaðandi ásynd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.
- Við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.

Á skipulagsupprætti fær verslunar- og þjónustusvæði ljósgulan lit. Eftirfarandi svæði á Skagaströnd eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði:

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
VP1	0,2	Á svæðinu er verslun.	Möguleiki er á viðbyggingum innan reitsins og skal uppbygging vera í samræmi við deiliskipulag.



VP2	0,1	Á svæðinu er verslun og þjónusta.	Möguleiki er á minniháttar breytingum eins og viðbyggingum innan reitsins og skal uppbygging vera í samræmi við deiliskipulag.
VP3	0,4	Á svæðinu er rekin gisting.	Möguleiki er á minniháttar breytingum eins og viðbyggingum innan reitsins og skal uppbygging vera í samræmi við deiliskipulag.
VP4	0,1	Skíðaskáli	Innan reitsins er skíðaskáli sem er leigður út til gistingar.



Mynd 8. Salthúsið á Skagaströnd. (Mynd fengin af fésbókarsíðu gistiheimilisins)

5.1.1 Afþreyingar og ferðamannasvæði (AF)

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru þetta svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Þjónusta fyrir ferðamenn, svo sem gístiaðstaða og afþreying, er fyrst og fremst á afþreyingar- og ferðamannasvæðum (AF) og svæðum fyrir verslun og þjónustu (VP). Umfangsmikil þjónusta við ferðamenn, t.d. gisting á gistiheimilum eða gistiskálum er skilgreind sem verslun og þjónusta en gestastofur, tjaldsvæði og skálar á hálendi eru skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Breytingar frá eldra skipulagi felast í því að tjaldsvæði og Melstaðatún fá nýja skilgreiningu sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Skilgreint er nýtt svæði AF3 þar sem rekin er ferðaþjónusta í dag. Einnig skilgreint nýtt svæði AF4 við Sandlæk þar sem gert er ráð fyrir sjósundaðstöðu.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Stuðla skal að fjölbreytileika varðandi gistimöguleika, veitingar og afþreyingu tengda náttúru og menningu. Grundvöllur fyrir ferðaþjónustu verði styrktur með því að varðveita gæði náttúru og menningarlandslags.
- Sjálfbær ferðaþjónusta verði ein af meginstoðum í atvinnulífi sveitarfélagsins þannig að ekki verði gengið á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.
- Áframhaldandi uppbygging innviða til þess að fyrirbyggja umhverfisrask á viðkvæmum svæðum.
- Leggja skal áherslu á bætt aðgengi og öryggi á vinsælum ferðamannastöðum.
- Heimaging, skv. skilgreiningu í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, er heimil á íbúðarsvæðum. Aðrir gististaðir skv. sömu lögum (flokkar II, III og IV) eru ekki heimilir á íbúðarsvæðum.

Á skipulagsupprætti fær verslunar- og þjónustusvæði bleikan lit. Eftirfarandi svæði á Skagaströnd eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði:

Hér á eftir eru talin upp helstu svæði í bænum sem flokkast sem afþreyingar- og ferðamannasvæði:

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
AF1	2,0	Á svæðinu er verslun er tjald- og hjólhýsasvæði.	Á svæðinu er tjaldsvæði með þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem tjaldsvæðis kallar á. Á tjaldsvæðinu er þjónustumiðstöð. Á svæðinu má byggja eða staðsetja látausar byggingar sem



			<i>auðvelt er að fjarlægja ef not svæðisins breytast. Dæmi væru þjónustuhús fyrir gesti tjaldsvæðis, sorpgeymslur og fleira í þeim dúr.</i>
AF2	0,7	<i>Á svæðinu er rekin gisting í smáhýsum.</i>	<i>Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu innan svæðisins með allt að 10 smáhýsum.</i>
AF3	1,0	<i>Gistiðstaða í smáhýsum fyrir ferðamenn.</i>	<i>Heimilt er að koma fyrir samtals fimm smáhýsum innan reitsins. Hús skulu vera á einni hæð og gerð úr timbri. Leyfilegt er að byggja 150 m² aðstöðuhús og gestahús að hámarki 30 m².</i>
AF4	0,2	<i>Óbyggt, um er að ræða sandfjöru við Sandlæk</i>	<i>Heimilt að vera með sjósundaðstöðu ásamt tilheyrandi þjónustu. Uppbygging verði skilgreind í deiliskipulagi.</i>



Mynd 9. Frá tjaldsvæðinu á Skagaströnd.

5.1.2 Athafnasvæði (AT)

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugymslur og matvælaíðnaður.

Breytingar frá fyrra skipulagi felast í því að athafnasvæði A7 er minnkað örlítið og opið svæði við Skagastrandartún stækkað.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Lögð verður áhersla á að skapa góðar umhverfisaðstæður fyrir fyrirtæki sem byggja á sérstöðu svæðisins.
- Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang á athafnasvæðum.
- Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum en þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrir- tækja s.s. fyrir húsverði.
- Við skipulag svæðis og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.
- Tryggja fjölbreytt framboð athafnalóða fyrir mismunandi fyrirtæki.

Athafnasvæði eru sýnd með ljósgráum lit á uppdrætti.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
AT1	2,3	Oddagata-Fjörubraut, óbyggður reitur.	Óbyggður reitur. Svæðið er ætlað undir athafnastarfsemi. Þéttleiki og yfirbragð verði skilgreint í deiliskipulagi.
AT2	2,3	Oddagata-Fjörubraut. Á svæðinu er atvinnuhúsnaði á 1-2 hæðum.	Svæðið er ætlað fyrir blandaða atvinnustarfsemi. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnaði og nýbyggingar sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar við Fjörubraut. Þéttleiki og yfirbragð verði skilgreint í deiliskipulagi.
AT3	1,2	Vetrarbraut, óbyggður reitur.	Óbyggður reitur en svæðið er ætlað undir athafnastarfsemi. Þéttleiki og yfirbragð verði skilgreint í deiliskipulagi.



AT4	1,1	Mánabraut. Á svæðinu eru einnar hæðar atvinnuhúsnæði af ýmsum toga.	Svæðið er ætlað fyrir blandaða atvinnustarfsemi. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika og verði skilgreint í deiliskipulagi.
AT5	0,3	Strandgata. Á svæðinu eru einnar hæðar atvinnuhúsnæði	Reiturinn telst fullbyggður en svigrúm til minniháttar breytinga á húsnæði.
AT6	0,3	Strandgata. Á reitnum er atvinnuhúsnæði á 1 hæð.	Svæðið er ætlað undir athafnastarfsemi og hafnsækna starfsemi. Svigrúm er fyrir viðbyggingu við Strandgötu 32.
A7	0,3	Einbúastígur. Á reitnum er líftækni-setur og skemmur. Hús allt að þriggja hæða.	Svæðið er ætlað undir athafnastarfsemi og hafnsækna starfsemi. Svigrúm er fyrir viðbyggingar eða nýbyggingar þar sem núverandi skemmur ef þörf verður á frekara byggingarmagni.



Mynd 10. Skrifstofuhúsnæði og fræðasetur.

5.1.3 Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum (þ.m.t. vatnsfalls-, jarðhita- og sjávarfallavirkjanir og vindmyllur), tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Breytingar frá fyrra skipulagi er að felld er út iðnaðarsvæði við Einbúastíg en þar er nú rekin ferðaþjónusta.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun núverandi iðnaðarstarfsemi.
- Afmörkun og staðsetning iðnaðarsvæða taki mið af þörfum atvinnulífsins og sjónarmiða um fallega bæjarmynd.
- Leggja þarf grundvöll að fjölbreyttum iðnaðarfyrirtækjum. Stuðlað verði að aðlaðandi ásynd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang og yfirbragð.
- Skipulagsáætluninni er ætlað að gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi. Leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr magni úrgangs til förgunar og unnið að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verður lögð á jarðgerð lífræns úrgangs og að meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu verði með því besta sem gerist á landinu.
- Lögð er áhersla á að gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum, m.a. til að nýta tækifæri sem tengjast sérstöðu svæðisins og góðri hafnaraðstöðu
- Að urðun úrgangs verði í algjöru lágmarki og flokkun úrgangs til endurvinnslu verið almenn í sveitarfélaginu.
- Komið verði á aukinni flokkun úrgangs við myndunarstað, bæði á heimilum og í fyrirtækjum og íbúum verði gert auðvelt að koma úrgangi til endurnotkunar og endurnýtingar.
- Fyrirtæki verði hvött til að taka upp endurvinnslu og flokkun úrgangs. Þetta verði gert í samvinnu við gámafyrirtæki.
- Jarðgerð á lífrænum úrgangi verði aukin. Kannað verði hvort miðlæg jarðgerð sé möguleg og/eða hvort stuðla eigi að aukinni heimajarðgerð.
- Lífrænn úrgangur, sem borist hefur á urðunarstað, verði nýttur sem áburður.



- Gerðar séu ýrstru kröfur til fyrirtækja sem starfa í úrvinnslu iðnaði í sveitarfélaginu, hvað varðar umgengi, frágang og meðhöndlun.
- Sveitarfélagið finni hagkvæmstu lausn á förgun úrgangs.
- Jarðgerð á lífrænum úrgangi verði aukin. Kannað verði hvort miðlæg jarðgerð sé möguleg og/eða hvort stuðla eigi að aukinni heimajarðgerð.
- Lífrænn úrgangur, sem borist hefur á urðunarstað, verði nýttur sem áburður.

Úrgangsstjórnun

Í sveitarfélaginu Skagastrand er sorphirðu sinnt af verktaka sem annast bæði heimilissorp og gámaþjónustu. Starfandi er sorpsamlag um sorpeyðingu í Skagafirði og Austur - Húnavatnssýsl. Að byggðasamlaginu standa 7 sveitarfélög; Akrahreppur, Blönduósþær, Húnavatnshreppur, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagastrand. Sameiginlegur urðunarstaður er á Sölvabakka í Refasveit.

Í samræmi við starfsleyfi Umhverfisstofnunar eru flokkuð frá sorpinu öll spilliefni, járn, timbur og garðaúrgangur. Móttökustöðvar fyrir spilliefni og endurvinnanlegan úrgang eru bæði á Blönduósi og á Skagastrand.

- Garðaúrgangur er flokkaður sérstaklega og nýttur í jarðvegsgerð eða fargað í nánd við byggð. Lífrænum úrgangi frá fyrirtækjum er fargað á sorphaugum eða komið til endurvinnslu.
- Gámasvæði er á Skagastrand.

Iðnaðarsvæði eru sýnd með dökkgráum lit.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
11	1,5	Fjörubraut. Á reitnum er búið að reisa 1 byggingu á 2 hæðum.	Að mestu óbyggður reitur. Svæðið er ætlað undir iðnastarfsemi. Þéttleiki og yfirbragð verði skilgreint í deiliskipulagi. Á svæðinu er gert ráð fyrir söfnunarstöð fyrir úrgang og flokkunarstöð.
12	1,1	Oddagata. Reist hefur verið eitt hús á 1 hæð.	Að mestu óbyggður reitur. Svæðið er ætlað undir iðnastarfsemi. Þéttleiki og yfirbragð verði skilgreint í deiliskipulagi
13	0,03	Dælustöð hitaveitu.	Á reitnum er dælustöð hitaveitu.
14	0,07	Spennistöð	Á reitnum er spennistöð.

15	2,7	Mánarbraut-Vetrarbraut	Óbyggður reitur. Svæðið er ætlað undir iðnastarfsemi. Þéttleiki og yfirbragð verði skilgreint í deiliskipulagi.
----	-----	------------------------	---

5.1.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Engar breytingar frá fyrra skipulagi.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Öll efnistökusvæði eiga að vera með gild framkvæmdaleyfi og starfsleyfi heilbrigðisefndar.
- Efnistökusvæði eru sýnd á aðalskipulagsupprætti og öll meiriháttar efnistökusvæði sem falla undir (>25.000 m³) skal deiliskipuleggja.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengi og frágang að vinnslu lokinni.

Öll efnistaka er skipulagsskyld, háð ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr ám, vötnum og af eða úr hafsbotni innan netlaga til sveitarstjórnar, í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Skal framkvæmdaleyfi gefið út á grundvelli aðalskipulags, en heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags, ef í aðalskipulaginu er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað það sem við á, skv. sömu reglugerðar. Meta skal skv. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum hvort framkvæmdir eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Leyfið er enn fremur háð ákvæðum 8. gr. a. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum úr jörðu. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis minniháttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 57. gr. laga um náttúruvernd, en gæta skal ákvæða 2. mgr. 144. gr. vatnalaga þegar um er að ræða efnistöku sem tengist vatni.



- **Framkvæmdaleyfi.** Námuréttarhöfum er skylt að vinna áætlanir um efnistökusvæði þar sem m.a. er gerð grein fyrir áætluðu efnismagni, vinnslutíma og frágangi að efnisnámi loknu og sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir notkun þeirra sbr. ákvæði í skipulagslögum, lögum um náttúruvernd og lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum úr jörðu nr. 57/1998.
- **Mat á umhverfisáhrifum.** Þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri er háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, viðauka 1. Ennfremur efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra. Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku skv. 6. gr. sömu laga og viðauka 2, þegar um er að ræða efnistöku sem raskar 25.000 m² (2.5 ha) svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m³ eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum.
- **Áhrif á lífríki vatna.** Leyfi Fiskistofu þarf að liggja fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en þar segir: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigegnd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Landbúnaðarstofnunar.“

Efnistökusvæði flokkun			
Öll efnistaka að undanskildum flokki I er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.			
Almenn skipulagsákvæði um námur:			
Framkvæmdaleyfi og starfsleyfi skulu vera í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Nánari afmörkun svæða verður í framkvæmdaleyfi og starfsleyfi. Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna. Ganga skal frá námusvæðum sem ekki verða nýtt frekar eins fljótt og auðið er, t.d. að framkvæmdum loknum.			
Flokkur	Stærð	Matskylda	Skilmálar
I	Minni háttar efnistaka til eign nota.	C Tilkynningarskylt sveitarfélag metur	Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimilt án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða

		hvort þörf sé á umhverfismati.	jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, en gæta skal ákvæða 2. mgr. 144. gr. vatnalaga þegar um er að ræða efnistöku sem tengist vatni.
II	Efnistaka >50.000 m ³ Rask <25.000 m ²	B Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.	Efnistakan er háð framkvæmdaleyfi. Ef efnistakan er í samræmi við stefnumörkun aðalskipulagsins er sveitarstjórn heimilt að veita framkvæmdaleyfi að því gefnu að framkvæmdin raski ekki jarðmyndum og sé utan verndarsvæða, í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd og önnur lög og reglugerðir sem eiga við í hverju tilfell fyrir sig.
III	Efnistaka 50.000 – 149.999 m ³ Rask ≥25.000 m ²	B Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.	Efnistakan fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn metur hvort deiliskipuleggja þurfi efnistökusvæðið áður en framkvæmdaleyfi er gefið. Í þennan flokk falla öll efnistökusvæði innan verndarsvæða óháð stærð.
IV	Efnistaka ≥150.000 m ³ Rask ≥50.000 m ²	A Ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.	Efnistakan fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og vinna þarf deiliskipulag fyrir svæðið áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Eftirfarandi yfirlit yfir efnistökusvæði sem eru núverandi efnistökusvæði. Ekki er gert ráð fyrir að opna nýjar námur á skipulagstímabilinu.



Nr.	Heiti	Lýsing	Flokkur	Stærð ha/magn	Jörð
E1	Fellsmelar (sunnan rafstöðvar)	Möl.	I	0,8/<5.000 m ³	Spákonufell
E2	Fellsmelar	Möl	I	1,3/<5.000 m ³	Spákonufell
E3	Austan þjóðvegur	Möl	I	1,0/<5.000 m ³	Spákonufell
E4	Norðan reiðvallar	Möl	I	0,8/<5.000 m ³	Spákonufell

5.1.5 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. Þar má reisa byggingar tengdar starfseminni, en íbúðir eru ekki heimilar.

Skógræktarsvæði sem skilgreind eru í skipulagsáætluninni eru einkum útivistarsvæði fyrir almenning. Skógrækt er varanleg og sjálfbær mótvægisáðgerð gegn gróður- og jarðvegseyðingu og viðurkennd aðferð við bindingu á koltvísýringi (CO₂). Auk þess hafa skógar mikilvægu hlutverki að gegna sem skjól fyrir byggð. Stefnt skal að aukinni skógrækt til skjóls, útivistar, viðarframleiðslu, landbóta og annarra nytja.

Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spillt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil. Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum. Gerð skal grein fyrir slíkum takmörkunum eftir því sem kostur er í aðalskipulagi.

Frá fyrri skipulagi bætist við nýtt skógræktarsvæði við útjaðar þéttbýlis.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Að trjágróður setji sterkari svip á byggðina og umhverfi hennar en verið hefur og skapi meira skjól.
- Að trjágróður skapi vistlegt og þægilegt umhverfi til útivistar og heilsuræktar.
- Að í skipulagi skógræktar sé tekið tillit til mismunandi hagsmunahópa.

- Áfram verði unnið að gróðursetningu á þeim stöðum sem hafa verið skipulögð eða tekin til skógræktar, m.a. í Spákonufelli. Lögð verði áhersla á samstarf Vinnuskólans og skógræktarfélagsins og Skógræktar ríkisins við skógræktarverkefni.
- Skógræktarfélag staðarins verði virkjað og hlutverk þess verði m.a. að hugsa um skógræktarsvæði í fjallinu, s.s. grisjun og gerð göngustíga.
- Í skógarreiti nærri byggð verði skilgreint hvaða trjátegundum skuli planta og hvaða tegundir víki. Við þær skilgreiningar verði m.a. litið til sjónrænna áhrifa trjágróðurs á annað náttúrufar.
- Unnið verði að grisjun og tiltekt í skógarreit við Spákonufellshöfða.
- Gróðursettur verði trjágróður meðfram aðkomu að byggðinni sem geti myndað eins konar trjágöng. Þess skal gætt að skógrækt trufli ekki umferð á vegum m.t.t. snjósöfnunar og útsýnis.
- Á tjaldsvæði verði skjólbeltaræktun aukin til að skapa hlýlegra umhverfi og betri aðstæður til tjaldvistar.
- Unnið verði að gróðursetningu í skipulagðan gróðurkraga umhverfis byggðina, þannig að hann skapi gott skjól.
- Unnið verði að ræktun skjólbelta innan sveitarfélagsins, sem tengist gróðurkraga umhverfis byggðina. Við skipulag þeirra verði tekið tillit til mismunandi hagsmunahópa, s.s. göngufólks, hestamanna, ökumanna og frístundabænda.
- Skipulögð verði svæði þar sem íbúar geta sjálfir plantað trjám og tekið þau í fóstur. Þar getur m.a. verið um að ræða svæði innan hins skipulagða gróðurkraga eða á öðrum skógræktarsvæðum.
- Þar sem stunduð er skógrækt skal þess gætt að farið sé eftir 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, en þar segir: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“
- Þess skal gætt að skógur loki ekki gönguleiðum meðfram strönd, ám og vötnum eða hindri aðgengi að þeim. Ekki er heimilt að loka alfaraleiðum eða fornum vegum/leiðum með skógrækt.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 15 m.



Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð	Undantekningar
Landamerki	25 m	Á þessu svæði skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna skógræktar.
Vötn, ár og sjór	50 m	Ekki skógrækt.
Fornminjar	20 m	Ekki skógrækt, skv. þjóðminjalögum nr. 107 / 2001. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.
Veitulagnir	1 m	Ekki skógrækt, sbr. kafla um veitur.
Stofn- og tengivegir	100 m	Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla um samgöngur.

Hér á eftir eru talin upp helstu svæði í bænum sem flokkast sem skógræktar- og landgræðslusvæði.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti núverandi ástand	Skipulagsákvæði
SL1	113	Skógræktarreitir í hliðum ofan Spákonufells.	Halda skal áfram skógrækt í útjaðri þéttbýlis til skjólmyndunar, fegrunar og framtíðar útivistar.
SL2	0,2	Spákonufellshöfði	Litill skógræktarreitir í hliðum Spákonufellshöfða. Spákonufellshöfði er friðlýstur og

			Því ber að fara varlega í aukinni skógrækt á svæðinu.
--	--	--	---



Mynd 11. Spákonufell. (Ljósmynd. Landmótun sf)



5.2 BYGGÐ, ÚTIVIST OG SAMFÉLAGSPJÓNUSTA

5.2.1 Íbúðarbyggð (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Breytingar frá fyrra skipulagi er að skilgreint er íbúðarsvæði við Strandgötu.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Markmið skal vera að mynda byggð sem samsvarar sér vel og er aðlaðandi fyrir íbúa jafnt sem gesti. Þau lífsgæði sem felast í fagurri náttúru, landslagi og lífríki skulu varðveitt og eflað og innra umhverfi bæjarins fegrað og bætt.
- Gæta skal þess að atvinnustarfsemi í íbúðarbyggð valdi sem minnstum óþægindum vegna bílaumferðar, hávaða, ljósanotkunar eða annars ónæðis og að öruggar og greiðar göngu- og hjóla leiðir séu að skólum og annarri nærþjónustu.
- Stuðlað verður að hagkvæmri þróun íbúðabyggðar.
- Að ávallt sé til nægt magn lóða til byggingar íbúðarhúsnæðis m.v. áætlaða íbúðarþróun og þarfir hverju sinni.
- Gert verði ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum og íbúðastærðum til að mæta þörfum ólíkra aldurshópa og fjölskyldustærða.
- Uppbygging íbúðarhúsnæðis verði fyrst og fremst í þéttbýlinu en í dreifbýli verði heimilt að reisa stök íbúðarhús.
- Skýr stefna sé um gististaði í íbúðarbyggð.
- Lögð verði áhersla á að byggja í eyður í byggðinni til að nýta grunnkerfi sem best og skapa heildstæðari byggð með sem stystum vegalengdum í þjónustu, með fjárhagslega hagsmunum íbúa og bæjarsjóðs í huga. Sérstök áhersla verði á að nýta óbyggðar lóðir og fullbyggja hverfi áður en ráðist er í ný hverfi eða nýframkvæmdir við grunnkerfi með tilheyrandi kostnaði.
- Bæta við svæði fyrir íbúðarbyggð á opnu svæði á milli Vetrarbrautar og Strandgötu.


Húsnæðisstefna þarf að stuðla að félagslegri samveldni. Hún á að vinna gegn aðskilnaði ólíkra samfélagshópa á húsnæðismarkaði. Mikilvægt er að einstaklingar og fjölskyldur geti valið sér íbúðaform sem hentar þörfum þeirra hverju sinni. Þjóða skal upp á sem fjölbreyttasta íbúðagerð í sveitarfélaginu, svo sem í stærð, íbúðagerð (sérbýli og fjölbýli) og búsetuformum (leigu-, búseturéttar- og eignaríbúðir) (Húsnæðisstefna. Skýrsla samráðshóps um húsnæðisstefnu, 2011).

Í stefnumörkun fyrir aðalskipulag Skagastrandar 2010-2022 var gert ráð fyrir að fullbyggja þáverandi íbúðarsvæði. Sett voru viðmið um nýtingarhlutfall á framtíðar íbúðarsvæðum eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er deiliskipulag eða það endurskoðað, og gilda þessi viðmið enn:

Húsagerðir	Íbúðir / ha	Nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 15	0,2 - 0,4
Raðhús	15 - 25	0,4 - 0,6
Smábýlasvæði með stórum lóðum	1 íbúðarhús á lóð	0,05 - 0,1

Íbúðarþróun

Íbúðarþróun síðastliðinna ára í Sveitarfélaginu Skagatrönd hefur verið neikvæð. Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúðarþróun í sveitarfélaginu sýna að íbúum hefur fækkað síðastliðin 20 ár um 23%, úr 628 árið 1998 í 475 árið 2020. Íbúasamsetning hefur á sama tíma tekið breytingum. Landsvæði sveitarfélagsins er ekki stórt og mikill meirihluti íbúa býr í þéttbýlinu á Skagatrönd, eða 98-99% á árunum 2011-2018. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang hefur hækkað úr 1-2% á árunum 1998-2013 í 5% árið 2018.



Mynd 12. Íbúapróun á Skagaströnd frá 2009 og íbúaspá.

Framtíðaríbúapróun

Spár um íbúapróun miða gjarnan við þróun undanfarinna ára hvað varðar búferlaflutninga, aldurssamsetningu íbúafjöldans og náttúrulega fjölgun, sem er þá framreiknuð til tiltekinna ára. Íbúum sveitarfélagsins hefur fækkað stöðugt undanfarna áratugi og mun sú þróun að líkindum halda áfram að e-u marki á næstu árum.

Í aðalskipulagi Skagastrandar er gengið út frá því að íbúum muni fjölga í takt við landsmeðaltal sem hefur verið um 0,5-1%. Gangi sú spá eftir þá er gert ráð fyrir að íbúar Skagastrandar verði á bilinu 560 - 580 í lok skipulagstímabilsins. Þróun síðastliðinna ára þyddi það að íbúum myndi fækka áfram. (Sjá mynd 3.4.)

Landþörf og þéttleiki byggðar

Núverandi þéttleiki á þegar byggðum svæðum er um 6-7 íbúðir/ha. Miða skal við að halda í byggðamynstur á núverandi svæðum fyrir íbúðarbyggð þannig að þéttleiki verði áfram 6-7 íbúðir/ha, þ.e. lágreist sérbýlishúsa- eða parhúsabyggð með allt að 900-1000 m² lóðum. Þannig eru u.þ.b. 36 lóðir óbyggðar innan núverandi byggðar á Skagaströnd eins og eftirfarandi tafla sýnir.

Götur	Byggt	Óbyggt
Sunnuvegur	11	2
Suðurvegur	19	3
Hólabraut	31	1
Bogabraut	20	1
Fellsbraut	12	1
Ránarbraut	17	6
Oddagata	2	1
Skagavegur	7	7
Bankastræti	8	1
Mánabraut	7	0
Ægisgrund	3	0
Hólanesvegur	5	1
Túnbraut	5	0
Sólarvegur	2	4
Strandgata (Neðri-Jaðar, Lundur)	5	8
Alls	155	36

Ný íbúðarsvæði

Ekki er gert ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum á Skagaströnd umfram þau sem fyrir eru þar sem þau uppfylla fyrirhugaða þörf en miðað við framreiknaða íbúapróun sem er um 25-30 íbúðir á skipulagstímabilinu. Innan núverandi byggðar eru 36 lóðir lausar og skal stefnt að því að fullbyggja þær áður en nýtt land er brotið undir íbúðarbyggð. Tekin eru frá rúm landsvæði fyrir íbúðarbyggð til að tryggja að þau verði ekki tekin undir aðra landnotkun í framtíðinni og eru þessi svæði hverfisvernduð (sjá umfjöllun í kafla 2.3.4 um hverfisvernd).



Smábýlalóðir

Fjórar íbúðalóðir eru skilgreindar fyrir smábýli. Þar er gert ráð fyrir möguleika á takmörkuðu húsdýrahaldi og ræktun. Á smábýlalóðum er heimilt að reisa 1 íbúðarhús, vinnustofu og útihús, s.s. skemmu og eða gróðurhús.

Lóðirnar eru Réttarholt, Ásholt, Ás og Fell.

Heiti svæðis	Lýsing	Stærð í ha	Skipulagsákvæði
IB1	Íbúðarsvæði syðst í byggðinni sunnan Fellsbrautar. Um er að ræða mestmegnis einbýli á 1-2 hæðum raðhús á einni hæð og tvíbýlishús við Túnbraut. Íbúðarhverfi í góðum tengslum við íþróttasvæðið. Nokkrar lausar lóðir innan reitsins eins og fram kemur í töflu hér að ofan.	4,6	Heimild er til að auka byggingarmagn á óbyggðum lóðum þar sem það þykir henta, t.d. með því að leyfa aukaíbúðir þar sem stórar einbýlishúsalóðir eru. Heimilt er til að byggja einbýlis-/parhús á 1-2 hæðum við Suður-, Sólar- og Sunnuveg.
IB2	Íbúðarsvæði norðan Fellsbrautar, austan Norðurbrautar og sunnan Öldubrautar. Um er að ræða að mestu leyti einbýli á einni hæð en einnig lítil raðhús við Ránarbraut. Norðan Ránarbrautar er skilgreint hverfisverndarsvæði (H8 og H9) sem verndað er sem tilvonandi íbúðarsvæði.	7,8	Heimild er til að auka byggingarmagn á óbyggðum lóðum þar sem það þykir henta, t.d. með því að leyfa aukaíbúðir þar sem stórar einbýlishúsalóðir eru. Heimilt er til að byggja einbýlishús á einni hæð við Bogabraut 25. Við Ránargötu eru nokkrar lausar lóðir þar sem heimilt er til að byggja einbýlis-/parhús. Hluti reitsins er skilgreint sem hverfisverndarsvæði H8 og H9 (sjá kafla 4.3.2 um hverfisverndarsvæði).

IB3	Íbúðarsvæði við Bogabraut, Strandgötu. Um er að ræða einbýlishús að mestu eins hæða en stöku 2 hæða. Innan svæðisins eru ein af eldri húsum byggðarinnar. Hluti svæðisins er skilgreint sem hverfisverndarsvæði (H10).	3,4	Heimild er til að auka byggingarmagn á óbyggðum lóðum þar sem það þykir henta, t.d. með því að leyfa aukaíbúðir þar sem stórar einbýlishúsalóðir eru. Heimilt er að byggja við lausar lóðir við Strandgötu og fylla þannig í það skarð sem þar er með húsum sem falla vel að núverandi byggð. Hluti reitsins er skilgreint sem hverfisverndarsvæði H10 (sjá kafla 4.3.2 um hverfisverndarsvæði).
IB4	Íbúðarsvæði við Skagaveg, Mánabraut og Bankastræti.		Heimild er til að auka byggingarmagn á óbyggðum lóðum þar sem það þykir henta, t.d. með því að leyfa aukaíbúðir þar sem stórar einbýlishúsalóðir eru. Við Bankastræti er heimilt að reisa einbýlis-eða parhús á 1-2 hæðum. Við Mánabraut og Skagaveg er heimilt að reisa einbýlis-, par-eða raðhús á einni hæð. Við Höfðastræti við opið grænt svæði er möguleiki á því að bjóða upp á smáhýsalóðir. Þar verði skilgreindar litlar lóðir fyrir smáhýsi, 25-60 m ²
IB5	Réttarholt, Ásholt, Ás og Fell	13,2	Fjórar íbúðalóðir eru skilgreindar fyrir smábýli. Þar er gert ráð fyrir möguleika á takmörkuðu húsdýrahaldi og ræktun. Á smábýlalóðum er heimilt að reisa 1 íbúðarhús, vinnustofu og útihús, s.s. skemmu og eða gróðurhús

5.2.2 Frístundabyggð (F)

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærpjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Tvö svæði er skilgreind innan Skagastrandar sem svæði fyrir frístundabyggð.



Engar breytingar frá fyrra skipulagi.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Frístundabyggð er svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur.
- Stefnt er að eflingu frístundabyggðar og ferðamennsku, m.a. í þeim tilgangi að skapa fólki fjölþætta aðstöðu á svæðinu og lengja dvalartíma þess. Gætt verði

TAKMARKANDI ÞÆTTIR VEGNA FRÍSTUNDABYGGÐAR

Landamerki	50 m
Vötn, ár og sjór	50 m
Fornminjar	20 m
Verksmiðjur, loðdýra-, alifugla- og svínabú eða önnur starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lyktar	500 m
Veitulagnir	25 m
Stofn- og tengivegir	100 m
Aðrir vegir	50 m

umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.

- Frístundabyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.
- Skipulagt verði svæði undir frístundabyggð í bæjarlandinu í tengslum við tjaldsvæði.
- Frístundahús verði í samræmi við deiliskipulag.
- Skipulag frístundabyggðar taki mið af því að halda gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum opnum og tryggi aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufrýrbærum. Um ¼ hluti lands á frístundasvæðum verði til almennrar útivistar.
- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu ½ - 2 ha, nýtingarhlutfall skal miðast við 0,03 þó þannig að byggingar verði ekki stærri en 150 m².

- Huga skal að náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði verði fyrir áhrifum vegna framkvæmda.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
F1	6,0	Hólaberg. Á svæðinu hefur verið byggt eitt frístundahús.	Á svæðinu er heimilt að gera ráð fyrir byggð frístundahúsa. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Stærð svæðis 6,0 ha. Í deiliskipulagi sem samþykkt var 2004 er gert ráð fyrir 10 húsum á svæðinu.
F2	1,6	Sólvangur. Á svæðinu er eitt frístundahús.	Heimilt er að reisa tvö hús til viðbótar..

5.2.3 Samfélagsþjónusta (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Breytingar frá fyrra skipulagi eru þær að reitur sem áður var skilgreindur sem þjónustureitur S5 fellur út og verður hluti af miðbæjarsvæði. Reitur fyrir sundlaug færast yfir í íþróttasvæði.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Þjónustustofnanir verði í góðum tengslum við íbúðahverfi og nýtist þannig einnig sem útivistarsvæði. Félagsleg þjónusta verði sem mest miðsvæðis og aðgengileg öllum íbúum.
- Lögd skal áhersla á góð uppeldis- og menntunarskilyrði fyrir íbúa sveitarfélagsins.



- Heilsugæsla verði aðgengileg öllum og góð þjónusta við aldraða íbúa sveitarfélagsins.
- Hlúð skal að menningarlífi bæjarbúa.
- Uppeldis- og skólastefna sveitarfélagsins verði efld til að tryggja sem bestan árangur. Áfram verði áhersla á jákvæða uppeldis- og skólastefnu.
- Lögð verði áhersla á hvatningu, stuðning og aðstoð við fullorðinsfræðslu íbúa. Í því skyni verði Námsstofa Skagastrandar efld og þjónusta hennar styrkt, bæði með starfsmannahaldi og samningum við mennta- og fræðslustofnanir.
- Stutt verði áfram við aukin tengsl listamiðstöðvar, rannsóknarseturs og grunn- og leikskóla sveitarfélagsins með það að markmiði að auka fjölbreytni og innihald list- og raungreina skólanna. Setja mætti á stofn listaskóla í Listamiðstöðinni Nes og efla þá starfsemi með frekari listtengdri starfsemi.
- Öruggar gönguleiðir og bætt aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda verði að þjónustustofnunum.
- Örugg hjólastæði verði við allar helstu þjónustustofnanir.
- Kanna forsendur og möguleika á að byggja hús fyrir 60 ára og eldri.

Á skipulagsuppdætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Eftirtalin svæði fyrir þjónustustofnanir eru á Skagaströnd:

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti núverandi ástand	Skipulagsákvæði
S1	0,3	Oddagata-Vallarbraut	Á svæðinu er slökkvistöð. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnaði.
S2	0,3	Hólaneskirkja á Skagaströnd.	Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnaði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
S3	1,3	Félagsheimili og bókasafn.	Á svæðinu er félagsheimili. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnaði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
S4	1,6	Höfðaskóli og nánasta umhverfi.	Svigrúm til frekari uppbyggingar eða tilfærslu á nýtingu á núverandi byggingum. Æskilegt er talið að

			eiga þess kost að nýta þær fyrir starfsemi tengda ofangreindum stofnunum til framtíðar. Aðalskipulagið gefur svigrúm fyrir þá nýtingu og þær breytingar sem nýting svæðisins fyrir skóla- og rannsóknarstofnanir og íþróttaiðkun kallar á.
S5	0,1	Tónlistarskóli.	Á svæðinu er tónlistarskóli. Svæðið er fullbyggt.
S6	0,7	Dvalarheimili.	Á svæðinu er dvalarheimili, heilsugæsla og apótek. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnaði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.
S7	0,3	Leikskóli.	Á svæðinu er leikskólinn Barnaból. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnaði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun.



Mynd 13. Félagsheimilið Fellsborg.

5.2.4 Íþróttasvæði íþ)

Svæði fyrir landfreka íþróttadstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Breytingar frá fyrra skipulagi eru þær að sundlaugin flokkast nú undir íþróttasvæði og gerðar eru breytingar á númerum.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Lögd verði áhersla á íþrótt- og tómstundastarf allra aldurshópa og öflugt forvarnarstarf. Í því skyni verði leitast við að skapa sem breiðastan grundvöll

íþrótt- og áhugamannafélaga sem hafi fjölbreytt og áhugavert starf í boði við allra hæfi, bæði innan- og utandyra.

- Ungmennastarf verði reglulega metið í sveitarfélaginu til að tryggja að framboð sé ávallt í samræmi við þarfir og óskir íbúa og félags- og íþróttastarf eldri borgara verði eft. Að skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþrótt- og tómstundastarfs.
- Að allir íbúar sveitarfélagsins hafi möguleika á skipulagðri íþróttaiðkun.
- Að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar.
- Markvisst verði unnið að uppbyggingu göngustíga og gangstétta í þéttbýli og tengja göngustíga við útivistarsvæði í bænum.

Hér á eftir eru talin upp helstu svæði í bænum sem flokkast sem íþróttasvæði:

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
Íþ1	4,0	Íþróttavöllur og nánasta umhverfi.	Sunnan félagsheimilisins Fellsborgar er íþróttavöllur Svigrúm til uppbyggingar aðstöðu tengda vellinum og íþróttasvæði. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi.
Íþ2	0,07	Einbúastígur	Á reitnum er sundlaug Skagastrandar og spennistöð. Reiturrinn telst fullbyggður en svigrúm gefst þó til minniháttar viðbyggingar eða nýbyggingar við sundlaugina.
Íþ3	51,0	Háagerðisvöllur	Golfvöllur rétt norðan þéttbýlisins á Skagatrönd í landi Háagerðis og Finnsstaða. Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.
Íþ4	7,0	Reiðvöllur	Reiðvöllur er vestan Skagavegar og austan Hólaflóa u.þ.b. 500 m norðan hesthúsahverfis. Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð



			og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.
Íþ5	2,5	Fellsmelar	Á svæðinu er mótorkrossbraut. Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.
Íþ6	9,0	Höfðahólar	Hesthúsabyggð Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.

5.2.5 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

Einn kirkjugarður er í sveitarfélaginu en engir grafreitir.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Að varðveita kirkjur sem menningar- og þjónustuhús.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
K1	1,0	Kirkjugarður.	Kirkjugarður. Á svæðinu má gera ráð fyrir mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á.

5.2.6 Opin svæði (OP)

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar

ALMENN ÁKVÆÐI

- Fjölbreytt aðstaða sé fyrir hendi til leikja- og tómstundastarfs og aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar og fegrunar.
- Gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda að útivistarsvæðum verði tryggt. Stuðlað sé að aukinni hreyfingu og útivist í sveitarfélaginu.
- Leitast verði við að skapa íbúum sem bestar aðstæður til að stunda útivist.
- Uppbygging opinna svæða og aukin trjárækt.
- Uppbygging stígakerfis verði haldið áfram. Gönguleiðir og göngustígar myndi greiðar og áhugaverðar leiðir um byggð og óbyggð svæði í sveitarfélaginu. Sama gildi um reiðleiðir og hjólaleiðir.
- Íþróttaaðstaða, bæði innan dyra og utan, verði sem best og fjölbreyttust.
- Lögð verði áhersla á að styðja við íþrótt- og áhugahópa um hvers kyns holla hreyfingu og útivist.
- Ungmennastarf verði reglulega metið í sveitarfélaginu til að tryggja að framboð sé ávallt í samræmi við þarfir og óskir íbúa.
- Göngu- og reiðleiðir innan sveitarfélagsins verði reglulega kynntar fyrir íbúum.
- Vetrarbrautin verði lýst til að auka nýtingarmöguleika yfir vetrarmánuðina.

Útivistarsvæði og önnur svæði ætluð til útiveru eru verulegur þáttur í landnotkun byggðarinnar. Hér á eftir eru talin upp helstu svæði í bænum sem flokkast sem opin svæði:

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
OP1	0,4	Hnappastaðatún. Núverandi samkomusvæði á Hólanesi.	Unnið verði áfram að uppbyggingu samkomusvæðis. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu. Huga þarf að umhverfisfrágangi, gróðri, yfirborðsfrágangi og aðstöðu, s.s. bekkjum.
OP2	1,9	Skagastrandartún. Útivistarsvæði við höfnina.	Unnið verði áfram að uppbyggingu svæðisins. Gott aðgengi fótgangandi og hjólandi verði að svæðinu. Huga þarf að



			umhverfisfrágangi, gróðri, yfirborðsfrágangi og aðstöðu, s.s. bekkjum.
OP3	22,5	Spákonufellshöfði. Útivistar-svæði á Spákonufellshöfða	Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð á svæðinu umfram það sem leyfi hefur verið fengið fyrir s.s. fuglaskoðunarhúsi annað sem tengist útivist. Svæðið var friðlýst sem fólkvangur 1980 (sjá kafla 4.3).
OP4	35,0	Mörkin.	Jaðar byggðar á Skagaströnd sem nýtist til útivistariðkunar með neti gönguleiða. Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Skógrækt, gróðursetning trjáa og lággróðurs og jarðanagerð er leyfð en huga skal að útsýni til sjávar og fjalla. Leitast verði við að skapa fjölbreyttar gönguleiðir og áningarstaði sem bjóða upp á mismunandi upplifanir.
OP5	240	Fristundabúskapur	Svæði umhverfis Skagaströnd sem hefur verið nýtt fyrir fristundabúskap fyrir skepnuhald og matjurtaræktun og annað sem þar hefur verið stundað. Sækja þarf um leyfi til að reisa byggingar sem tilheyra þeirri starfsemi og verða skilmálar fyrir slíka byggð skilgreindir í deiliskipulagi. Lögð er áhersla á að öll umgengni verði til fyrirmyndar hvað byggingar og umhverfi varðar.

OP6	1,4	Leiksvæði	Nærleiksvæði innan byggðar. Unnið verði áfram að uppbyggingu þessarar svæða m.t.t. skjólmyndunar. Umhverfisfrágangur og aðgengi verði í samræmi við hlutverk svæðisins.
Án auðkennis		Útjaðar byggðar og efri hlíðar	Óbyggt svæði í útjaðri byggðar og hlíðar. Svæðin eru ætluð til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks, þar sem almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt eða mannvirkjagerð. Á þessum svæðum er þó unnt að gera ráð fyrir neyðarskylum, fjarskiptasendum og sambærilegum mannvirkjum. Á þeim er heimil landgræðsla. Þá eru hefðbundnar landnýtjar, s.s. beit, veiðar og minniháttar efnistaka til eigin nota, heimilar á óbyggðum svæðum, nema þar sem svæði hafa verið friðuð fyrir beit eða aðrar takmarkanir gilda vegna hverfisverndar eða vatnsverndar.



5.3 NÁTTÚRA

- Umhverfi sveitarfélagsins, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, sé vistlegt og aðlaðandi þar sem áhersla verði lögð á að verja óspillta náttúru og dýralíf fyrir óþarfa ágangi.
- Lögð verði áhersla á snyrtilega byggð og fagurfræðileg sjónarmið höfð að leiðarljósi við frágang og útlit opinberra bygginga og umhverfi þeirra.
- Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar.
- Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðskuldbindingar.
- Landslagheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð.
- Íbúar og gestir hafi aðgengi að fjölbreyttri náttúru svæðisins.
- Útbreiðsla ágengra tegunda, eins og lúpínu og skógarkerfils, verði heft.
- Nýting og verndun náttúruauðlinda skal vera í samræmi við leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins sem og aðrar skuldbindingar landsins og sveitarfélagsins og skal grundvallast á sjálfbærri þróun.

Í þessum kafla er fjallað um friðunar- og verndarákvæði vegna náttúrufars og menningarminja og þætti sem lúta að takmörkun á landnotkun í sveitarfélaginu s.s. vatnsverndarsvæði, hverfisverndarsvæði og svæði undir náttúruvá.

5.3.1 Óbyggð svæði

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Óbyggð svæði eru landsvæði sem eru í landbúnaðarnotum þar sem beitar- og afréttarnot er megin landnotkun en svæði ofan afgirtra heimalanda eru auk þess einnig ætluð til almennrar útivistar. Mannvirkjagerð skal vera í lágmarki á óbyggðum svæðum. Þar er aðallega um að ræða hálendisvegi, reiðvegi, merktar gönguleiðir og fjallaskála.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.
- Nauðsynlegt er að koma fyrir gróðurbeltum er minnka snjósöfnun í byggðinni. Taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.
- Áhersla verði lögð á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðapjónustu að gagni, s.s. merkingu á góðum gönguleiðum og uppbyggingu á áfangastöðum.
- Gönguleiðir eru skilgreindar á óbyggðum svæðum í aðalskipulaginu.

Meiri hluti sveitarfélagsins er í flokknum óbyggð svæði og er þeim skipt upp í svæði ofan og neðan 60 m y.s. Neðan 60 m, næst byggðinni, eru framtíðarbyggingarsvæði og ræktunarsvæði til skjólmyndunar. Önnur svæði neðan 60 m eru ætluð til almennrar útivistar. Allt land ofan 60 m y.s. er skilgreint sem almennt útivistarsvæði auk þess sem helstu vatnsverndarsvæði og göngu- og reiðleiðir er þar að finna.

5.3.2 Vötn, ár og sjór (V)

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Áhersla verði á að halda strönd, fjörum og grunnsævi í náttúrulegu ástandi eins og kostur er og að nýting auðlinda strandarinnar sé sjálfbær.

5.3.3 Strandsvæði (ST)

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð haldið í lágmarki.

ALMENN ÁKVÆÐI


- Staðinn verði vörður um vistkerfi á strandsvæðum.
- Fjörur verði hreinar og aðgengilegar.



- Við uppbyggingu útivistaraðstöðu verði gætt að álagi á lífríki og ástand viðkvæmra staða vaktað.
- Hvatt verði til samvinnu um árlega hreinsun á fjörum.

Hér á eftir eru talin upp helstu svæði í bænum sem flokkast sem strandsvæði.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
ST1	Á ekki við	Fjörur og strandsvæði við þéttbýlið. Fjaran austan hafnarsvæðisins og Strandlengjan frá Hólanesi og suður að Arbakkasteinum /sveitarfélagsmörkum	Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er. Aðgengi almennings verði tryggt og mannvirkjagerð verði í lágmarki. Gert er ráð fyrir sjóbaðsaðstöðu við Hólanes með þjónustu sem tengist slíkri starfsemi. Mannvirkjagerð og framkvæmdir í tengslum við fráveitu er heimil.
ST2	Á ekki við	Fjörur og strandsvæði frá hafnarsvæði að sveitarfélagamörkum til norðurs.	Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er. Aðgengi almennings verði tryggt og mannvirkjagerð verði í lágmarki. Gert er ráð fyrir sjósundaðstöðu við Sandlæk með minniháttar þjónustu sem tengist slíkri starfsemi. Mannvirkjagerð og framkvæmdir í tengslum við fráveitu er heimil.



Mynd 14. Fjörvistgerðir innan sveitarfélagsins skv. vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.

5.4 VATNSVERND (VG,VF)

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn

ALMENN ÁKVÆÐI

- Staðið verði vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnu-starfsemi.
- Vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grannsvæðum eða fjarsvæðum þeirra.
- Upplýsingum um verndarsvæði neysluvatns, verði komið til íbúa sveitarfélagsins, m.a. hvers konar umferð er leyfileg innan þess og hvernig skuli ganga um svæðið.



- Sett verði upp upplýsingaskilti við vegslóða inn á verndarsvæði fyrir neysluvatn, þar sem komi fram hvers konar umgengni er leyfileg og viðbrögð við slysum sem geta mengað vatnsból
- Útbúin verði gæðahandbók fyrir vatnsból og vatnsveitu.

Á Skagatrönd er vatn tekið úr borholum og brunnum sem grafnir hafa verið í áreyri á norðurbakka Hrafnár í Hrafnal og leitt þaðan í tank ofan við þéttbýlisstaðinn. Möguleikar til vatnsöflunar þarna eru mjög miklir, meiri en afkastageta kerfisins á Skagatrönd en hún er 50 - 60 l/sek.

Staðsetning vatnsbóls, grannsvæði og fjarsvæði eru sýnd á skipulagsupprætti. Sjá einnig greinargerð Orkustofnunar um Skagatrönd - Verndarsvæði vatnsbóls í Hrafnal sem er fylgiskjal með svæðisskipulagsáætluninni

Vatnsverndarsvæðum er skipt í 3 flokka; i) brunnsvæði, ii) grannsvæði og iii) fjarsvæði og er afmörkun þeirra sýnd á landnotkunarupprætti.

Flokkur I. Brunnsvæði

Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru þessi:

- Svæðin skulu vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.
- Eitt brunnsvæði er á Skagatrönd. Það er staðsett í Hrafnal á bökkum Hrafnár, milli fjallanna Spákonufells og Árbakkafjalls.

Flokkur II. Grannsvæði

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrennissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru þessi:

- Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til

útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í gildandi reglugerð um neysluvatn.

- Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.
- Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.
- Grannsvæði vatnsbóls Vatnsveitu Skagastrandar nær til næsta nágrennis brunnsvæðisins á bökkum Hrafnár.

Flokkur III. Fjarsvæði

Fjarsvæði er á vatnasviði vatnsbóla en liggur utan þess lands sem telst til I. og II flokks verndarsvæða. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Allt vatnasvið Hrafnár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Svæðið teygir sig inn í Skagabyggð svo langt sem vötnum hallar að Hrafná. Um þetta segir í Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004 – 2016: Staðsetning vatnsbóls, grannsvæði og fjarsvæði eru sýnd á skipulagsupprætti. Sjá einnig greinargerð Orkustofnunar um Skagatrönd - Verndarsvæði vatnsbóls í Hrafnal² sem var tekin smana vegna svæðisskipulags og var fylgiskjal með svæðisskipulagsáætluninni.

5.5 VATNSVERND Á STRANDSVÆÐUM VIÐ ÁR, VÖTN OG SJÓ (VS)

Svæði þar sem langtíamarkmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Að vatnsgæði verði ávallt til fyrirmyndar.
- Flokkun vatnasvæða fari fram á skipulagstímabilinu.

² Þórólfur H. Hafstað og Freysteinn Sigurðsson. Yfirlit um vatnafar í Austur- Húnavatnssýslu. Samantekt vegna svæðisskipulags. Greinargerð ÞHH-FS-2002-04. Orkustofnun rannsóknarsvið



Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns. Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns. Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram.

5.6 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Friðlýst svæði (FS)

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar (sjá einnig gr. 6.3. d. í skipulagsreglugerð).

Önnur náttúruvernd (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun (sjá einnig gr. 6.3. e. í skipulagsreglugerð).

Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum.

ALMENN ÁKVÆÐI


- Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.
- Með tillögu að hverfisvernd svæða er stuðlað að samtengingu svæða sem eru á náttúruminjasrá.
- Taka skal mið af umhverfissjónarmiðum við alla skipulagsvinnu og sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi.
- Lögð skal rík áhersla á vernd náttúru- og söguminja við skipulag og nýtingu lands og náttúrugæða.

Jarðminjar og vistgerðir

Samkvæmt 2. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta ákveðnar jarðminjar og vistkerfi sérstakrar verndar og er óheimilt að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Þau eru, skv. 57. gr. laga um náttúruvernd:

- Votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 10.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.
- Birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga, svo og leifar slíkra skóga.
- Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- Fossar og umhverfis þeirra í allt að 200 metra radius frá fossbrún
- hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 57. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær verið kortlagðar. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á jarðminjum eða vistgerðum sem njóta verndar. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, sbr. 57. gr. laga um náttúruvernd.



Mynd 15. Sérstök vernd á Skagaströnd.

Friðlýst svæði

Í aðalskipulagi sveitarfélaga skal gera grein fyrir svæðum sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þar á meðal náttúruminum í A-, B- og C-hluta náttúruminjasrár og náttúrufyrirbærum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 57. gr. náttúruverndarlaga. Náttúruminjasrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Fólkvangurinn Spákonufellshöfði er eina svæðið á Skagaströnd sem er á náttúruminjasrá.

Náttúruminjasrá er skipt upp í 3 hluta:

A-hluti: Skrá yfir friðlýst svæði flokkuð eftir friðlýsingarflokkum.

B-hluti: Framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

C-hluti: Skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Engin svæði eru innan sveitarfélagsins flokkað undir C-hluta.

Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjasrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.

Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna slíkra framkvæmda.

Spákonufellshöfði á Skagaströnd var friðlýstur sem fólkvangur skv. Náttúruverndarlögum árið 1980 og er á náttúruminjasrá (A-hluta). Markmiðið með friðlýsingu Spákonufellshöfða er að vernda svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Verndargildi svæðisins byggir á því að landslag og náttúrufar, sérstaklega jarðmyndanir, er mjög fjölbreytt.

Mörk fólkvangsins eru sýnd á landnotkunaruppdrætti.

Hér eru talin upp friðlýst svæði í sveitarfélaginu.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
FS1	22,5	Spákonufellshöfði. Friðlýstur sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 444/1980. Stærð 30 ha. Að sunnan, vestan og norðan ræður sjávarströnd. Að austan hugsast lína dregin úr fjöru milli svonefnds "Salthúss" og "Lifrabræðsluhúss" í austur meðfram rótum klettaveggjarins að norðvesturhorni lóðar hússins, að Bankastæti 14. Þaðan ráða lóðamörk húsa við Bankastræti, en síðan rætur klettaveggjarins austur og norður fyrir húsið Laufás og áfram með rótum klettaveggjarins allt til sjávar. Þá tilheyrir fólkvanginum sker úti fyrir höfðanum	Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur: 1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður, trufla að óþörfu dýralíf eða valda skemmdum á jarðmyndunum. Meðferð skotvopna er bönnuð á svæðinu. 2. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil á svæðinu. 3. Mannvirkjagerð og hvers konar annað jarðrask er þar óheimilt, þar á meðal efnistaka. Þá er bannað að losa hvers konar úrgang og sorp á fólkvanginum. 4. Óheimilt er að beita búfé á fólkvanginum.

Það svæði sem fengið hefur formlega vernd með friðlýsingu eru sýnt á aðalskipulagsuppdrætti.




5.6.1 Minjavernd (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar

Friðlýstar fornleifar

Fornminjar samkvæmt 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menna hafa gert eða mannanna verk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem búsetulandslag, kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði, tún- og akurgerði, vegir, haugar og dysjar. Engar minjar í sveitarfélaginu Skagaströnd eru á skrá Minjastofnunar Íslands yfir friðlýstar fornleifar. Byggðasafn Skagafjarðar skráði fornleifar í sveitarfélaginu fyrir aðalskipulag þess 2010-2022 og eru minjastaðir sýndir á skýringarupprætti II (sjá viðauka 2). Í viðauka 1 er að finna samantekt úr fornleifaskráningunni og um leið skýringar við táknum á þemaupprætti. Fornleifaskráningin í heild er fylgigagn með aðalskipulagi. Skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning ætíð fara fram á vettvangi áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út og leggja fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig. Einnig eru stórfamkvæmdir umhverfismatsskyldar, s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og efnisnámur. Ekkert friðlýst hús er í sveitarfélaginu en vinna sem snýr að skráningu á fornum bæjarnöfnum og staðsetningu á þeim er hafin.

Í viðauka 1 er nánari umfjöllun um fornminjar í sveitarfélaginu sem fengin er úr fornleifaskráningu Byggðasafns Skagfirðinga.



Mynd 16. Skráðar minjar á Skagaströnd.



5.6.2 Hverfisverndarsvæði (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.
- Í aðalskipulaginu eru svæði og staðir skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

Hverfisvernd

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga, (i) hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar og (ii) hverfisverndarsvæði vegna minja og fornleifa.

Nokkrir staðir eru hverfisverndaðir ýmist vegna minja eða náttúru en eins og gefur að skilja eru saga og náttúra samtvinnuð í bænum.

Nr	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
HV1	Gónhóll	Gónhóll er lágur ávalur klettahóll í óbyggðri lóð nr. 11 við Fellsbraut. Gónhóls vitjaði fólk er það vildi fylgjast með ferðum skipa og báta. Frá 1914 og fram yfir 1980 stóð bærinn Brautarholt utan í hólnum og var oft kenndur við hann. Með hverfisverndun hólans eru nýbyggingar á lóðinni útilokaðar.
HV2	Hólaberg	Eru fallegar kletthæðir og hólur í túni og nágrenni Höfðahóla, sem nú er tjaldstæði Skagastrandar. Minjar eru í næsta nágrenni og sagnir um álfabyggð og álagabletti.
HV3	Einbúi	Einstakur klettur, vel gróinn er áður var í flæðarmáli og út af honum var áður Spákonufellseyja sem fyllt var að þegar hafnargarðurinn var byggður. Upp af Einbúa stóðu verslunarhús kaupmanna Höfðakaupstaðar, þar heitir Skagastrandartún. Gatan Einbúastígur er við

		klettinn. Strompurinn, mikið mannvirki og vandað er lengi hefur sett svip sinn á bæinn, sómir sér vel í næsta nágrenni við klettahólinn fagra Einbúa.
HV4	Spákonufell	Frá Spákonufellsborg eða svonefndum Borgarhaus er mjög víðsýnt. Fylgja þarf merktum gönguleiðum þegar gengið er á Borgina og ekki er heimilt að koma fyrir mannvirkjum ofarlega í fjallinu né raska landi.



Mynd 17. Einbúi.

Nr	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
HV4	Hólanes	Á Hólanesi eru minjar en auk þess sérstök og falleg náttúra, gróður og sæbarðir klettur, fjaran skil hafs og lands. Sérstakar jarðmyndanir.
HV5	Landsendarétt við norðurenda Spákonufellshöfða	Landsendarétt (það sem eftir er af henni) og nánasta umhverfi, 20 m út frá minjunum. Svæðið tengist útivistarsvæðinu við Spákonufellshöfða.
HV6	Bjarmanes	Hús byggt 1912 af Verslunarfélagi Vindhælinga, upphaflega sem verslun og íbúð verslunarstjóra og gegndi því hlutverki í um 10 ár. Var eftir það barnaskóli og samkomuhús til 1958. Gert upp og fært til upprunalegs horfs 2004, m.a. með tilstyrk Húsafriðunarnefndar.



HV7	Arnes	Arnes er elsta uppistandandi hús í bænum byggt 1899. Húsið hefur verið gert upp í upprunalegri mynd með stuðningi Húsafriðunarnefndar.
-----	-------	--

Nokkur svæði eru sett undir hverfisvernd fyrir framtíðaríbúðarbyggð til að tryggja að ekki verði leyfð önnur landnotkun á þessum svæðum í framtíðinni.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
HV8	Ránarbraut	Svæði norðan Ránarbrautar, stærð 1,5 ha.
HV9	Ránarbraut	Svæði norðan Ránarbrautar, stærð 0,8 ha.
HV10	Strandgata	Svæði austan Strandgötu, stærð 3 ha.

5.6.3 Svæði undir náttúruvá (NV)

Svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (


- Að íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár.
- Að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár og að eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá.

Í skipulagsreglugerð (nr. 90/2013) segir m.a. að í aðalskipulagi skuli gera grein fyrir og marka stefnu um varúðarsvæði og náttúruvá, og aðra hættu fyrir heilsu og öryggi almennings svo sem vegna mengandi atvinnustarfsemi. Fjalla skal um helstu einkenni náttúruvár, þ.m.t. ofanflóð, flóð frá sjó, ám og vötnum, jarðskjálfta og eldvirkni, og einnig um eðli hættu eða mengunar sem starfsemi getur valdið, svo sem frá álverum, vindrafstöðvum og olíubirgðarstöðvum. Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð og þær takmarkanir og reglur sem gilda um notkun og mannvirkjagerð.

Jarðskjálftar og eldvirkni

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $ag = 0,45$ (0,45g) en það er 40% af

þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,35g. Síðan koma 0,25g, 0,15g, 0,1g og að lokum 0,05g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis.



Mynd 18. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma. Heimild: Veðurstofa Íslands (í: Skipulagsmál á Íslandi 2014. Lykilmælikvarðar og fyrirliggjandi áætlanir).

Eins og sést á myndinni hér að ofan er Skagastrand á mörkum þess að vera utan lægsta áhættuflokks sem er svæði afmarkað með dökkgrænni línu á myndinni (hönnunarhröðunarstuðul 0,05g). Hönnun mannvirkja á Skagastrand skal miðast við fyrrnefnda staðla.

Sjávarflóð

Mikið öldulag er við strönd Skagastrandar og má gera má ráð fyrir hækkandi sjávarstöðu á næstu árum og hlýnandi veðurfari jarðar vegna loftslagsbreytinga. Ekki er þó talin



flóðahætta á Skagaströnd samkvæmt skýrslu um sjóvarnir frá 2011.³ Samkvæmt sjávarborðsrannsóknnum sem unnar voru af Vegagerðinni árið 2017 benda mælingar á árunum 2003-2017 til þess að á Skagaströnd hækki land miðað við sjó um sem nemur allt að 3,4 mm á ári (+/- 1,3 mm).⁴ Skilningur á svæðisbundnum breytileika sjávarstöðu hefur aukist verulega á síðustu árum. Í skýrslu um loftslagsbreytingar kemur fram að margar rannsóknir sýna að svæðisbundinn breytileiki er verulegur, á sumum svæðum rís sjávarborð mun hraðar en hnattræna meðaltalið, en á öðrum svæðum stendur það í stað eða jafnvel fellur. Það getur stafað af nokkrum þáttum, t.d. aflrænum þáttum (breytingar á loftþrýsingi, vindi og hafstraumum) eða staðbundnu landrasi eða -sigi. Þá bætir bráðnun jökla vatni við heimshöfin en hefur einnig áhrif á þingdarsvið í nágrenni jöklanna sem lækkar sjávarstöðu næst þeim en eykur hækkunina fjær.⁵

Samkvæmt skýrslu Hafnarmálastofnunar ríkisins frá 1983 lækkar landið um 4–5 mm á ári eða alls 40–50 cm á öld og þarf því að reisa varnargarða í framtíðinni. Samhliða hækkandi sjávarstöðu eykst landbrot og æskilegt er að verja þau svæði sem verðmætust eru í byggð Skagastrandar og verða hvað mest fyrir ágangi landbrots. Samkvæmt opinberum gögnum er spáð hækkandi sjávarstöðu. Sé miðað við hækkun meðalhita +2°C næstu 100 ár er spáð 0,4 m hækkun en allt að 0,9 m hækki meðalhiti um +6 °C.

Sjóvörn er komin frá gamla Hólanesfrystihúsinu suður að Óseyri. Elsti kaflinn sjóvarnarinnar hafði sigið nokkuð og var grjóti enduraðað þar og sjóvörnin styrkt árið 2003. Meðfram Fjörubraut sunnan við Vallarbraut að Óseyri er landbrot mikið og hefur þurft að færa vegslóðann að geymsluportu sveitarfélagsins oftar en einu sinni. Landið lækkar innan við fjörukambinn og getur frekara landbrot valdið meira tjóni á byggingarlandi. Árið 2002 var gerð sjóvörn við Árblik utan við höfnina, tæplega 60 m. Einnig var gerð sjóvörn á tveimur stöðum vestan við Hólanesið árið 2004, við Breiðablik og Straumnes. Í yfirlitsskýrslu um sjóvarnir frá 2011 var fjallað um sjóvörn framan við Sólvang og árið 2013 var aðalskipulagi Skagastrandar breytt til að lengja sjóvarnargarð við Bót, norður fyrir Sólvang og hefur sjóvörn verið byggð þar. Í sömu skýrslu er gert ráð fyrir sjóvörnum norðan við Landsendarétt, norðan við Réttarholt. Á þessu svæði er umtalsvert landbrot og stendur einungis hluti hinnar fornu Landsendaréttar eftir. Auk þess eru þarna útihús skammt frá sjávarbakka.⁶ Réttara þykir að hafa þessar varnir lengri til að verja byggingarland í Réttarholti.

Ekki er talið að fyrirhugaðar framkvæmdir falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum sbr. lið 10 í 2. viðauka þar sem umfang framkvæmda er lítið og varnargarðar ekki á verndarsvæðum

að undanskildum varnargörðum við Landsendarétt en sú framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Ekki er talin sérstök hætta á öðrum náttúruhamförum í sveitarfélaginu og því eru svæði undir náttúruvá ekki afmörkuð í skipulagsuppráttum.

5.7 GRUNNKERFI

ALMENN ÁKVÆÐI

- Markmið skipulagsins er að umferð verði eins greið og örugg og kostur er. Lögð skal áhersla á að halda mengun í lágmarki og að umferðar- og veitumannvirki valdi ekki skaða á umhverfinu.
- Stuðlað skal að eflingu vistvænna ferðamáta með bættum stígatengingum. Öruggar göngu- og hjólaleiðir skulu tryggðar innanbæjar og tengsl þéttbýlisins við náttúru og útivistarsvæði eflid.
- Lögð verði aukin áhersla á styrkingu samgangna milli sveitarfélaga í A-Húnavatnssýslu og Skagafirði, m.a. með almenningssamgöngum.

³ Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011. Siglingastofnun.

⁴ Guðjón Scheving Tryggvason. Sjávarborðsrannsóknir Sjávarborðsmælingar frá Reykjavík, Ólafsvík, Skagaströnd og Patrekshöfn. Útgáfa A. Vegagerðin, 2017

⁵ Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson, Trausti Jónsson. 2018. Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018. Veðurstofa Íslands.

⁶ Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir 2011. Siglingastofnun.



5.8 SAMGÖNGUR, VEGIR OG STÍGAR

Þróun samgöngumála og megináhrifabættir. Áhrif samgangna á nálæga byggð og hvernig bregðast á við áhrifum samgangna, t.d. vegna hávaða, loftmengunar og umferðarþunga. Stefna um samgöngumál svo sem um megingatnakerfið, ný samgöngumannvirki og ráðstafanir sem gerðar eru til að greiða götu almenningssamgangna og vistvænna samgöngumáta.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Leitað verði hagkvæmustu lausna í vega- og stígagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar.
- Tengivegir verða endurbættir. Lögð skal áhersla á heildarsýn á umferðarkerfi bæjarins þar sem hugað er sérstaklega að virkum samgöngumátum.
- Tryggt skal að hagkvæmar almenningssamgöngur við nágrennabyggðalög séu ávallt í boði.
- Vanda verði til frágangs við aðkomugötu inn í bæinn með stígagerð og gróðri.
- Stuðlað verði að bættum samgöngum við nágrennabyggðalög.
- Öryggi vegfaranda á vegum og stígum verði aukið.
- Hugað verði sérstaklega að göngu- og hjólréiðastígum.
- Gert verði átak í uppbyggingu göngustíga og gangstétta innan þéttbýlis þar sem á vantar.
- Tengivegir verði lagaðir og lagðir bundnu slitlagi. Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar.



Mynd 19. Gönguhæfi byggðar.



5.8.1 Vegir

Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar sem og samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 og þingsályktunartillögu fyrir árin 2019-2023.

Flokkun gatnakerfis innan þéttbýlis miðast við hefðbundna flokkun gatna í stofnvegi, tengivegi, safngötur og húsagötur. Samkvæmt skipulagsreglugerð er gerð grein fyrir stofnbrautum, tengibrautum og öðrum vegum og götum á aðalskipulagsupprætti. Safngötur og húsagötur eru teknar saman undir samheitinu „aðrar götur“ og eru einungis sýndar til skýringar á upprætti.

Stofnvegir

Lögð er til færsla á Skagastrandarvegi sem felst í færslu veglínu við aðkomu að þéttbýlinu (sjá mynd 3.11). Í samgönguáætlun 2011-2022 er lagt til að Skagastrandarvegur verði endurgerður frá hringveginum við Blönduós og út fyrir Laxá á þriðja tímabili áætlunarinnar. Í samgönguáætlun 2019-2033 kemur fram að fara skuli í vegaframkvæmdir á 8,5 km kafla á Skagastrandarvegi nr. 74 (01 – Hringvegur-Laxá) 2021-2022.



Mynd 20. Hugmynd að breytttri aðkomu að Skagaströnd.



Á Skagaströnd eru eftirfarandi stofnvegir:

Vegnr.	Heiti	Lýsing
74	Skagastrandarvegur	Frá Blönduósi að Skagastrandarhöfn. Tenging við Þverárfjallsveg við Laxá í Refasveit.

Tengivegir

Eftirfarandi tengivegir eru í sveitarfélaginu:

Vegnr.	Heiti	Lýsing
745	Skagavegur	Tengivegur frá stofnvegi að Skagaströnd og áfram norður fyrir Skaga

Aðrir vegir og götur

Íbúðargötur og aðrir vegir innanbæjar falla í þennan flokk og eru sýndir á uppdrætti.

Göngustígar

Stofnstígar eru sýndir á þéttbýlisuppdrætti og eru þeir auðkenndir með rauðgulum lit. Gönguleiðir eru sýndar til skýringar. Nokkrar gönguleiðir eru um Spákonufellshöfða en sveitarfélagið gaf út gönguleiðarbækling árið 2009 sem greinir frá gönguleiðakerfi um Spákonufellshöfða.

Hjólástígar

Hjólreiðástígar eru jafnframt stofnstígar og eru ekki auðkenndir sérstaklega á uppdrætti.

Reiðstígar

Stofnkerfi reiðleiða eru sýndar á þéttbýlisuppdrætti og eru þær auðkenndar með brúnum lit.

5.8.2 Almenningsamgöngur

Lögð verði aukin áhersla á styrkingu samgangna milli sveitarfélaga í A-Húnavatnssýslu og Skagafirði, m.a. með almenningssamgöngum.

Hægt er að taka Strætó á milli Reykjavíkur og Skagastrandar og Akureyrar/Sauðárkróks og Skagastrandar en þanta þarf þjónustu milli Blönduóss og Skagastrandar með tveggja

klukkustunda fyrirvara. Farnar eru tvær ferðir á dag. Almenningsamgöngur eru mikilvægar fyrir plássíð, ekki síst með tilliti til möguleika ferðamanna á að heimsækja staðinn. Framboð á almenningssamgöngum samræmist landsskipulagsstefnu, kafla 2.6 sem fjallar um sjálfbærar samgöngur. Þar er áhersla lögð á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta. Gegnir slík þjónusta lykilhlutverki í aðgengi ferðamanna til Skagastrandar og því er mikilvægt að áreiðanleg þjónusta sé í boði.

5.8.3 Gönguleiðir



Mynd 21. Úr gönguleiðabæklingi fyrir Spákonufellshöfða.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Stuðlað verði að almennri útivist á Skagaströnd, bæði meðal bæjarbúa og gesta með aðgengi að góðum göngustígum og áhugaverðum gönguleiðum.
- Viðhalda skal merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðaþjónustu.
- Lögð verður áhersla á að vinna að gerð nýrra göngu- og reiðleiða í samstarfi við áhugafólk, svo og úrbótum á eldri leiðum, sbr. skógrækt í hlíðum Spákonufells. Skoðað skal möguleika á lagningu göngustígs meðfram sjónum frá syðsta odda bæjarins og vestur fyrir Hólaneshúsin og að Höfðatá þar sem hann myndi tengjast gönguleiðum um Spákonufellshöfða og loks norður fyrir Bót þar sem hann myndi tengjast núverandi gönguleiðum og mynda hringleið í kringum plássíð.




Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar helstu gönguleiðir. Lega gönguleiða í dreifbýli er einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. Stefnt er að lagningu nýrra göngu- og reiðleiða, auk endurbóta og viðhalds á núverandi leiðum.

Helsta gönguleiðin í sveitarfélaginu liggur inn Hrafnal og að Hraunvatni og þaðan er m.a. unnt að komast að göngu- og útivistarleiðum á Skaga. Við Spákonufellssel í Hrafnal tengist þessi leið annarri er liggur til austurs um Kambadal. Þar er unnt að fara hring umhverfis Ranafell og Árbakkafjall og vestur Hallárdal til baka.

Margar gönguleiðir eru um Spákonufell en sveitarfélagið gaf út gönguleiðarbækling árið 2009 sem greinir frá gönguleiðakerfi um Spákonufell. Helstu gönguleiðir eru færðar inn á skipulagsupprætt til skýringar.

Skilgreind er ný strandleið sem nær frá Hrafná meðfram Fjörubraut um Hólanes. Leiðin heldur síðan áfram meðfram Strandgötu þar sem hún tengist gönguleiðakerfi um Spákonufellshöfða að Sandlæk.



Mynd 22. Kort úr gönguleiðabæklingi fyrir Spákonufell.

ALMENN ÁKVÆÐI

Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar helstu reiðleiðir og eru þær sýndar til skýringar á upprætti. Að hluta til fylgja þær gömlum þjóðleiðum og þjóðvegum. Meginreiðstígar verða byggðar upp og stefnt er að lagningu nýrra reiðleiða, auk endurbóta og viðhalds á núverandi leiðum. Reiðleiðir skulu vera öruggar og utan helstu umferðaaða.

Allar reiðleiðir skulu vera utan öryggissvæða þjóðvega.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Kanna möguleika á gerð nýrra göngu- og reiðleiða og úrbótum á eldri leiðum í samstarfi við áhugafólk.

Meginreiðstígar tengja saman byggð og heiðalönd en eru jafnframt reiðleiðir milli byggða innan héraðsins. Margar þessara leiða eru mikið notaðar, bæði í atvinnuskyni og til almennrar útivistar. Nýjar reiðleiðir hafa verið skilgreindar í samvinnu við hestamannafélag á svæðinu, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila. Auk meginreiðstíga eru ýmsar aðrar reiðleiðir sem eru einungis sýndar til leiðbeiningar á skipulagsupprætti.

Samkvæmt „Leiðbeiningum um gerð og uppbyggingu reiðvega“, sem unnar hafa verið í samvinnu Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðarinnar, eru reiðleiðir flokkaðar í þrjá meginflokka eftir hlutverki þeirra:

- Stofnleiðir. Aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga og tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis.
- Héraðsleiðir. Tengingar milli bæja og fornar leiðir, sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð.
- Tengileiðir í næsta nágrenni við þéttbýli og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Einnig leiðir milli hesthúsaferða.

Nr.	Lýsing
A	Skagaströnd – Blönduós Meðfram Skagastrandarvegi frá Skagaströnd suður að Blönduósi og til norðurs út á Skaga.
B	Hrafnadalur - Frá Spákonufelli og fram Hrafnal og Fjallabaksdal að Hraunvatni að reiðleiða- og öðru útivistarkerfi í Skagafirði. Þetta er gömul þjóðleið sem m.a. sést á Atlaskortum LMÍ.



C	Við þéttbýlið. Reiðleiðir sem liggja út frá hesthúsbyggð eftir gömlum vegum og slóðum í jaðri þéttbýlisins.
---	--

5.8.4 Hafnir

Í samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 kemur fram Endurbýgging Ásgarðs (stálþil 105 m, dýpi 5m) og endurbýgging kants milli Ásgarðs og Miðgarðs, trébryggja 48 m.

5.8.5 Hafnir (H)

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþegar og smábátahafnir.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun hafnarstarfsemi og hafnsækinna starfsemi.
- Afmörkun hafnarinnar er samkvæmt gildandi Hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarhöfn.
- Lögð er áhersla á gott framboð á lóðum undir hafnsækna starfsemi og að sú starfsemi verði studd með hafnarbótum eins og kostur er.
- Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi svo fremi sem það rúmist innan viðkomandi landnotkunarafmörkunar fyrir hafnarsvæðið, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Samkvæmt 5. gr Hafnarlaga nr. 61/2003 skal skipulag hafnarsvæðis miðast við þarfir hafna og skylt er að hafa samráð við hafnarstjórn og Siglingastofnun Íslands við gerð þess. Hafnarsvæði eru sýnd með dökkbláum lit.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
H1	6,8	Meðalstór fiskihöfn. Helstu hafnarsvæði eru: Útgarður, Sægarður, Ásgarður, Miðgarður og Skúffugarður.	Svæðið nýtist til hafnsækinna atvinnustarfsemi. Svigrúm verði fyrir breytingar á núverandi húsnaði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir hafnsækna starfsemi. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd mannvirkja og vönduðum umhverfisfrágangi.

5.8.1 Sérstök not haf- og vatnssvæða

Svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Innsigling að höfnum verði greið.
- Skilgreint er svæði fyrir sérstök not haf- og strandsvæða þar sem ákveðin uppbygging er leyfileg án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Nr	Stærð í ha.	Lýsing/heiti/núverandi ástand	Skipulagsákvæði
6,1	46	Innsigling og not innan hafnarsvæðis Skagastrandar.	Svæðið er mikilvægur hluti hafnarinnar með siglingaleið, viðleguköntum, flotbryggjum og varnargörðum. Um er að ræða svæði sem skilgreint er sem hafnarsvæði samkvæmt hafnarreglugerð.



5.9 VEITUR

Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir og -mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

5.9.1 Rafveita

ALMENN ÁKVÆÐI

- Að flutningskerfi raforku anní ávallt eftirspurn eftir raforku.
- Jarðstrengir taki við af loftlínunum.

Dreifikerfi Rarik er með 33 kW línu að spennistöð austan við þéttbýlið á Skagaströnd. Línan tengjast stofnlínunum Landsnets við Laxárvirkjun. Varaafsstöð er í bænum. Dreifikerfið í sveitarfélaginu liggur að stærstum hluta í jarðstrengjum. Gert er ráð fyrir að þegar hitaveita verður lögð til Skagastrandar fylgi henni jarðstrengur sem kemur í stað þeirrar línu sem fyrir er og er hún sýnd til skýringar á þéttbýlisupprætti. Áætlun um að setja 30 kV línuna í jörð frá Ytri Ey að spennistöð á Fellsmelum er inni í áætlunum Rarik. Stofnkerfi rafveitu er sýnt á upprætti til skýringar.

5.9.2 Hitaveita

ALMENN ÁKVÆÐI

- Lögð hefur verið hitaveita á Skagaströnd frá hitaveitu Blönduóss sem skal viðhaldið.
- Viðhaldi hitaveitunnar skal vel sinnt og stefnt að því að öll hús í sveitarfélaginu tengist henni.

Boruð var 1500 metra hola við Reyki í Húnavatnshreppi fyrir hitaveitu Blönduóss með það að markmiði að afla meira og heitara vatns vegna hitaveitu til Skagastrandar sem var lögð árið 2013. Samhliða var lögð pípa fyrir ljósleiðara.

5.9.3 Vatnsveita

Til vatnsveitu teljast stofnkerfi veitunnar, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. Stofnlagnir vatnsveitu eru sýndar á upprætti.

ALMENN ÁKVÆÐI

- Tryggja skal að allir íbúar sveitarfélagsins séu ávallt tengdir vatnsveitu.

- Markviss vöktun er tryggir rekstraröryggi, afhendingu og vatnsgæði.

5.9.4 Fráveita

ALMENN ÁKVÆÐI

- Stefnt er að því að mengun frá fráveitu verði ætíð í lágmarki með því að tryggja heilbrigða losunarbætti.
- Að fráveitur sveitarfélagsins standist þær kröfur sem gerðar eru til slíkra mannvirkja. Að útrásum fráveitunnar verði fækkað og þær leiddar lengra út í viðtaka.
- Öll hús í sveitarfélaginu verði tengd fráveitukerfinu eða hafi viðurkennda rotþró.
- Fráveitukerfið verði sameinað í eina eða fáar útrásir.
- Fráveitupípa verði lögð meðfram Strandgötu, og jafnframt verði útbúin gönguleið þar sem leiðslan liggur.
- Fráveituáætlun sveitarfélagsins verði endurskoðuð reglulega.
- Stefnt er að endurgerð útrása.
- Grófhreinsun fráveituvatns skv. gildandi reglum.

Gera þarf lagfæringar á útrásunum en það er óraunhæft fyrir lítið byggðarlag að fara í stórfelldar framkvæmdir við hreinsikerfi, gera þarf aðrar kröfur til minni þéttbýlisstaða.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu. Í þéttbýli skal sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu. Unnið hefur verið að skipulagi og áætlun fráveitumála á Skagaströnd og kannaðar lausnir sem verði hagkvæmar fyrir byggðina. Skýrsla og tillögur um fráveitumál í Sveitarfélaginu Skagaströnd sem unnin var af 1998 eru í endurskoðun í ljósi breytinga á atvinnuháttum í sveitarfélaginu. Ekki hefur verið tekin afstaða til endanlegra staðsetninga útrása eða lengda þeirra.



5.9.5 Fjarskipti

ALMENN ÁKVÆÐI

- Stofnkerfi fjarskipta á Skagatrönd verði til fyrirmyndar, þannig að öryggi og jafnrétti til starfs og náms séu tryggð.
- Mannvirki vegna boðveitu og fjarskipta skulu staðsett þannig þau valdi sem minnstum sjónrænum áhrifum og tillit skal tekið til áhrifa á náttúru og landslag við uppbyggingu fjarskiptakerfa í samræmi við landsskipulagsstefnu.
- Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu á næstu árum sem stuðli að aukinni þjónustu við íbúa og styrki fræðslu- og atvinnustarfsemi. Þessi uppbygging felst án efa m.a. í lagningu ljósleiðara í öll hús í sveitarfélaginu.
- Að sveitarfélagið sé ávallt í fremstu röð hvað varðar fjarskiptatækni og notkun á þeim.

Ljósleiðari liggur til Skagastrandar, sömuleiðis er örbylgjusendir sem tengist ljósleiðara milli landshluta. GSM samband er í meginhluta sveitarfélagsins og alls staðar í byggð. Þegar hitaveita var lögð til Skagastrandar árið 2013 var lögð pípulögn fyrir ljósleiðara og er ljósleiðari lagðir í öll hús sem tengjast hitaveitunni.

6 KYNNING, AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA

Samráð, kynning og auglýsing

Afgreiðsla

Athugasemdir

Breytingar eftir auglýsingu



7 HEIMILDIR

7.1 RITAÐAR HEIMILDIR:

Aðalskipulag Skagastrandar 1988-2008.

Alþingi 1997: Skipulags- og byggingarlög m.s.b. Stjórnartíðindi A, nr. 73/1997, 23 bls.

Alþingi, Nr. 10/149. Þingsályktun um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023.

Byggðasafn Skagfirðinga 2009: Sveitarfélagið Skagaströnd fornleifaskráning.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 2001: Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi, 188 bls.

Ferðamálaráð Íslands 2002: Auðlindin Ísland, 56 bls.

Félagsmálaráðuneytið 2005: Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, 63 bls.

Fornleifastofnun Íslands: Svæðisskráning Fornleifa.

Guðjón Scheving Tryggvason. Sjávarborðsrannsóknir. Sjávarborðsmælingar frá Reykjavík, Ólafsvík, Skagaströnd og Patrekshöfn. Útgáfa A. Vegagerðin, 2017

Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson, Trausti Jónsson. 2018. Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018. Veðurstofa Íslands.

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir, 133 bls.

Húsnæðisstefna. Skýrsla samráðshóps um húsnæðisstefnu, 2011. Velferðarráðuneyti. 2011

Reiðleiðir. Gerð og uppbygging. Vegagerðin og Landssamband hestamannafélaga, 2006.

Menningarstefna í mannvirkjagerð. Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. 2007. Menntamálaráðuneytið.

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruinjakrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruinjar. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.

Reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda,

Samgönguráðuneytið 2001: Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps.

Samgönguráðuneytið 2002: Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Samgönguráðuneytið: Þingsályktun um samgönguáætlun 2007-2010.

Samgöngur á nýrri öld, 2003. Samgönguráðuneytið.

Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011, 2011. Siglingastofnun Íslands.

Siglingastofnun Íslands 2004: Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2006.

Skipulagsstofnun 2006: Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags.

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Sveitarfélagið Skagaströnd 2008: Spákonufellshöfði Skagaströnd, gönguleiðakort.

Sveitarfélagið Skagaströnd 2009: Spákonufell, gönguleiðakort.

Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur 2005: Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016.

Vegagerðin 2002: Námur, efnistaka og frágangur.

Vegagerðin og Landssamband hestamanna 2006: Reiðvegir, gerð og uppbygging, 56 bls.

Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.

https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/3954/Velferd_til_framtidar_2002.pdf?sequence=1

Veiðimálastofnun 2005: Lax- og silungsveiðin 2004, 29 bls.

7.2 VEFSÍÐUR:

Byggðarannsóknarstofnun Íslands: www.brsi.is

Flugmálastjórn Íslands: www.caa.is

Frjálsa alfræðiritið: <http://is.wikipedia.org>

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is



Húsafriðunarnefnd ríkisins: www.hfrn.is

Landsvirkjun: www.lv.is

Landnet: www.landsnet.is

Nordic Adventure Travel: www.nat.is

Orkustofnun: www.os.is

Siglingastofnun Íslands: www.sigling.is

Norðurlandsskógar: www.nls.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is

Vegagerð ríkisins: www.vegagerdin.is

Norðurlandsvefurinn: www.nordurland.is

8 VIÐAUKI 1

8.1 FORNMINJAR

Eftirfarandi texti er tekinn orðrétt úr fornleifaskráningu fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd.

Minjar á Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagaströnd samanstendur af landi fjögurra bújarða, Spákonufells, Höfðagerðis, Finsstaða og Háagerðis. Allar jarðirnar voru í byggð framundir miðja 20. öld en lengst var búið á Háagerði eða til 1967. Flestar minjanna sem skráðar voru tengjast búskap á þessum jörðum en einnig voru skráðar minjar sem tengjast sjósókn frá bæjunum og verslunarumsvifum í kaптúninu. Höfðakaupstaður hefur frá upphafi staðið rétt sunnan undir Spákonuhöfða og hafa umsvif vegna atvinnustarfsemi og útgerðar umbreytt öllu umhverfi gamla verslunarstaðarins. Kaптúnið sjálft liggur á sama svæði og ætla má að gömlu tómthúsin og útgerðar- og verslunarminjarnar hafi verið. Lítið er því eftir af menjum um eldri byggð í kaптúninu sjálfu og fáar fornleifar þar að finna nú. Þó má reikna með að einhverjar minjar kunni enn að liggja óhreyfðar neðanjarðar og því mikilvægt að hafa vakandi auga með öllum framkvæmdum innan bæjarfélagsins sem hafa í för með sér jarðrask. Ætla má að fjölmargar minjar hafi verið innan bæjarmarka, túnblettir, fjós, fjárhúskofar, garðlög, sjóbúðir auk þeirra minja sem tilheyrt hafa umsvifum kaupmanna. Smábúskapur í þéttbýlinu hélst fram yfir miðja 20. öld og er oft erfitt að meta aldur minja þar sem byggt var með gamla laginu úr torfi og grjóti. Þar sem slíkar minjar fundust við skráninguna voru þær því skráðar þrátt fyrir að þær teljist ekki fornleifar í eiginlegum skilningi. Erfitt er að meta aldur ýmissa mannvirkjaleifa og stundum er aðeins að finna vísbendingar um mannvirki í formi þústa eða óglöggra veggjalaga eða misfella á yfirborði. Slíkar vísbendingar eru skráðar þar sem að þær geta bent til eldri mannvistarleifa sem annars eru horfnar.

Fjöldi og ástand minja

Þar sem að jarðamörk og skiptingar jarða eru óljós voru allar minjar á svæðinu skráðar með hlaupandi númeri undir heiti Sveitarfélagsins Skagastrandar. Þar sem mögulegt er er þó fjallað heildstætt um minjar innan einstakra jarða.

	Fjöldi fornleifa	Horfnar minjar	Óstaðsettar	Hlutfall horfinna/óstaðsettra
Alls	295	57	44	34%

Alls voru skráðar 295 minjar og þarf af voru 44 sem ekki reyndist unnt að staðsetja. Af þeim 251 minjum sem skráðar voru á vettvangi voru 194 sem enn voru til staðar en 57 voru staðsettar eftir leiðbeiningum heimildamanna, túnakortum eða öðrum traustum heimildum. Slíkum staðsetningum ber þó að taka með meiri fyrirvara þar sem minjar eru ekki sýnilegar. Minjarnar voru eins og verða vill í misgóðu ástandi, 39 voru skilgreindar sem „illgreinanlegar“, 115 sem „greinanlegar“, 33 sem „vel greinanlegar“ og aðeins tvær sem „heillegar“ (nr. 128 útihús suður af Finsstaðanesi og nr. 140, túngarðurinn ofan við gamla Finsstaðatúnið). Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla í fylgiskjöllum.

Minjar í næsta nágrenni Spákonufells

Í og umhverfis túnið á Spákonufelli eru mestmegnis hefðbundnar landbúnaðarminjar frá 19. og 20. öld. Stór hluti minja á Spákonufelli hefur verið sléttaður út og gamli bæjarhóllinn og kirkjugarður Spákonufells liggja að hluta innan núverandi kirkjugarðs. Útihúsin á norðurtúninu sjást enn sem dældir í túninu með skýrri lögun [nr. 10-13]. Meðfram túninu að austan er nokkuð heillegur túngarður [nr. 22] og norðaustast í túninu eru umfangsmiklar tóftir frá fleiru en einu byggingaskeiði [nr. 17-21] og ekki ólíklegt að þar sé að finna mjög fornar minjar. Í suðurhluta túnsins eru færri minjar en þar eru þó leifar fjárhúsa úr torfi og grjóti sem voru í notkun fram yfir 1970 [nr. 16]. Heimildir eru um að minnsta kosti tvö kot eða hjáleigur við og í heimatúninu sem hafa gengið undir a.m.k. þremur nöfnum *Spákonufellsskot*, *Spákonufellshjáleiga* og *Spákonufellsgærði*. Kotið er sagt í vesturjaðri túnsins en Spákonufellsgærði er tengt minjum norðaustast í túninu, hjáleigu nafnið gæti átt við um báða staði. Upp með gilinu ofan við Litla-Fell eru leifar stekkjá í tveimur hvömmum, yngri og greinilegur stekkur í neðri hvamminum [nr. 38] og leifar a.m.k. þriggja eldri og óljósari stekkjá í efri hvamminum [nr. 39-41].

Minjar á Spákonufellsseli



Á Spákonufellsseli er töluvert af minjum og ljóst að þar hefur verið selstaða og umtalsverð umsvif um langt skeið. Þar eru óljósar leifar seltófta [nr. 43 og 44] og hugsanlegra kvía [nr. 215] að því er virðist beitarhúsa eða fjárhúsa [nr. 46], auk fleiri minja [nr. 45, 47, 208, 216-218], en ekki er hægt að fullyrða útfrá minjunum hvort þar hafi verið föst búseta á einhverjum tíma.

Minjar á Höfðahólum

Enn er eftir töluvert af minjum umhverfis gamla túnið á Höfðahólum, sem flokkast allar undir hefðbundnar landbúnaðarminjar frá 19. og 20. öld. Túngarður [nr. 61] leifar tveggja útihúsa [nr. 51 og 52], stekkiar [nr. 56], beðasléttu [nr. 69] og tveggja matjurtagarða [nr. 50 og 54] svo eitthvað sé nefnt. Suðvestur af Höfðahólum var grasbýlið Hólagerði [251] en ekkert sér nú eftir af því.

Minjar á Finsstöðum

Bæjarstæði Finsstaða hefur verið sléttað undir golfvöll. Túngarðurinn meðfram túninu að austan er þó enn vel greinilegur [nr. 140] og gamla heimreiðin sést vel austan vegar [nr. 139]. Töluvert af eldri minjum er auk þess austan þessa garðs, þar á meðal gamall túngarður [nr. 146] og gamallgar tóftir upp að honum [nr. 144, 147-149 og 150] og í nágrenni hans [149 og 151].

Minjar á Háagerði

Lítið er eftir af minjum á Háagerði, bæjarstæðið [nr. 179-180] er komið undir golfskála og bílaplan, en síðasta hlaðan á bænum er nýtt sem áhaldahús fyrir golfvöllinn. Engar leifar af útihúsum fundust í gamla túninu en suðvestan við það mátti þó greina dældir og þúst um miðja vegin milli Háagerðis og Finsstaða [nr. 198-201] og gróðurskil og þústir í óræktarbletti sem gætu vísað á minjar [nr. 196-197] og stæðilegar leifar túngarðs vestan þeirra [nr. 194], ekkert af þessu stemmir þó við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar og má því ætla að um eldri minjar sé að ræða. Þá eru leifar stekkiar [nr. 190] vestan til í Háagerðisbergi og óljósar og gamallgar tóftir norðan við þau [nr. 191]. Enn vestar í átt að Finsstaðanesi eru að auki leifar þriggja stekkiar [nr. 173, 176-177]. Það litla sem eftir er af minjum á Háagerði flokkast undir hefðbundnar landbúnaðarminjar að undanskildu minjum á Finsstaðanesi. En nesið sem lengi vel var til helminga í eigu Háagerðis og Finsstaðabænda eru leifar um sjósókn af ýmsu tagi, m.a. naust [nr. 158-159], sjóbúðir [154-155] og hugsanlegar leifar hjalla [163-164] ofl.

Háagerðissel

Minjar á Háagerðisseli eru í samræmi við það sem við er að búast á seljum, þrískipt seltóft [nr. 203], hugsanlegar kvíar [nr. 209] og fleiri kofar [br, 205-207]. Norðan við tjörnina efst í Brandaskarði eru óljósar leifar mun eldri tóftar [nr. 210] og ekki jafn gott að segja til um hlutverk hennar.

Minjar í þéttbýlinu

Auk verslunarhúsa suðaustan undir Spákonufellshöfða og á Hólanesi eru heimildir um all nokkur grasbýli og þurrabúðir víðsvegar um Skagatrönd um aldamótin og fyrr og má þar nefna Hólagerði, Stóra- og Litla-Berg, Viðvík, Karlsminni, Lækjarbakka, Jaðar, Gamla-Læk og Réttarholt. Engar minjar sjást nú um þessi býli önnur en hugsanlega Karlsminni [nr. 86 og 87], en þó má sjá beðasléttur og önnur ummerki um jarðrækt bak við þar sem bæði Karlsminni og Viðvík stóðu [nr. 84 og 85] og útihús [nr. 160 og 110] og fleiri minjar frá Réttarholti. Á gamla Skagastrandartúninu sem kaupmenn keyptu snemma undan Spákonufelli eru óljósar leifar garðlags sem búið er að slétta yfir að hluta og ekki annað en hryggur eftir [nr. 88]. Örlitlar dældir [nr. 89] eru einnig vestan Einbúans sem gætu vísað á hús sem þar hafa staðið í gegnum tíðina. Á Hólanesi þar sem einnig voru verslunarhús fundust engar minjar aðrar en móðskulag í skurði og óljós þúst í framhaldi af honum til austurs [nr. 83], bak við húsið Árnes. Landslagið hefur tekið töluverðum breytingum víða við ströndina bæði af náttúru og mannavöldum og lendingar sem voru á a.m.k. fjórum stöðum, við Hólanesvör [nr. 224], austan Einbúans [nr. 225] og í Vararvík eða Skagastrandarvör vestan hans [nr. 226] og Réttarholtsvör norðaustan við Spákonufellshöfða [nr. 227] meira eða minna breyttar, og bryggjur sem síðar voru byggðar í Hólanesvör og sitthvorum megin Einbúans eru horfnar undir nútíma sjóvarna- og sjávarútvegsmannvirki. Það er því lítið um sýnilegar minjar í sjálfru þéttbýlinu en allnokkrar minjar fundust þó við útjaðra byggðarinnar, í beitarhólum og högum sunnan og norðan Skagastrandar, m.a. leifar útihúsa [nr. 70, 73-75, 97-98, 112, 124 og 128], mógrafa og mókofa [77-80], matjurtagarða [nr. 220] ofl. Syðst á Spákonufellshöfða fundust óljósar leifar, niðurgreftir og þústir [nr. 90-93], sem gætu tengst veru Breskra hermanna í Skagatrönd en þeir reistu sér m.a. byrgi á þessum slóðum. Norðar við Vækilsvík fannst óljós gamallgar tóft [nr. 100] sem kemur hvergi fyrir í heimildum og má vera að hún tengist meintri verslun við víkina. Ofan Fellsmela milli Spákonufells og Finsstaða fundust auk þess töluverðar leifar stekkiar og annarra mannvirkja sem líklega tengjast skepnuhaldi og búskap [nr. 119-121], hluti þeirra mjög forn að sjá [nr. 118].



Minjar í hættu

Helsta hættan sem steðjar að minjum á Spákonufelli er jarðrask í tengslum við kirkjugarðinn, en búast má við að þar séu minjar allt frá því um 1200 og jafnvel fyrr í hættu [nr.1-5 og nr 29].

Minjar umhverfis Höfðahóla eru flestar í nokkurri hættu vegna skógræktar, tré eru víða fast við eða inni tóftum og jafnvel í veggjum þeirra. Einu minjarnar sem hægt er að segja að séu í fyrirsjáanlegri hættu á Finnsstöðum og Háagerði eru minjarnar út við sjóinn á Finnsstaðanesi [nr. 154-162]. En nú þegar hefur brotið nokkuð af annarri sjóbúðinni [nr. 155], naustunum [nr. 158-159] og fleiri minjum.

Minjar í heimatúnum Háagerðis og Finnsstaða eru ekki í sérstakri hættu að öllu óbreyttu en framkvæmdir innan golfvallarins og í næsta nágrenni hans gætu þó raskað minjum, einkum í nágrenni sjálfra bæjarstæðanna og austan bæjarstæðis Finnsstaða.



9 VIÐAUKI 2

9.1 ÞEMAUPPDRAETTIR

1. Verndarsvæði
2. Samgöngur

